

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 376/2014

2015/EES/74/69

frá 3. apríl 2014

um tilkynningu atvika í almenningssflugum og greiningu á og eftirfylgni með þeim, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 og um niðurfellingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/42/EB og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1321/2007 og (EB) nr. 1330/2007 (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 2. mgr. 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽¹⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tryggja skal hátt, almennt öryggisstig í almenningssflugum í Evrópusambandinu og allt kapp skal lagt á að fækka slysum og flugatvikum til að tryggja tiltrú almennings á flutningum í lofti.
- 2) Tíðni banaslysa í almenningssflugum hefur haldist nokkuð jöfn á síðasta áratug. Engu að síður gæti slysatíðni átt eftir að aukast á næstu áratugum vegna aukinnar flugumferðar og sökum þess að tækni loftfara verður sífellt flóknari.
- 3) Markmiðið með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 ⁽³⁾ er að koma í veg fyrir slysum með því að greiða fyrir skjótri framkvæmd skilvirkra og vandaðra öryggisrannsókna. Þessi reglugerð ætti ekki að trufla ferlið við rannsókn slysa og flugatvika, sem landsbundin yfirvöld öryggisrannsókna stjórna, eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 996/2010. Ef slys eða alvarlegt flugatvik ber að höndum fellur tilkynning um atvikið einnig undir reglugerð (ESB) nr. 996/2010.
- 4) Með gildandi lagagerðum Sambandsins, einkum reglugerð Evrópusambandsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 ⁽⁴⁾ og framkvæmdarreglugerðum hennar, er tilteknum fyrirtækjum eða stofnunum lagðar skyldur á herðar um að koma á fót kerfi fyrir tilkynningar um atvik í tengslum við öryggisstjórnunarkerfi sín. Hlítni við ákvæði reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglugerða hennar ætti ekki að undanþiggja fyrirtæki eða stofnanir þeirri skyldu að hlíta ákvæðum þessarar reglugerðar. Að sama skapi ætti hlítni við ákvæði þessarar reglugerðar ekki að undanþiggja fyrirtæki eða stofnanir þeirri skyldu að hlíta ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglugerða hennar. Þetta ætti þó ekki að hafa í för með sér að komið verði á fót tveimur samhliða tilkynningakerfum og ætti að líta svo á að reglugerð (EB) nr. 216/2008, framkvæmdarreglugerðir hennar og þessi reglugerð komi hver annari til fyllingar.
- 5) Reynslan hefur leitt í ljós að áður en slys ber að höndum eiga sér oft stað flugatvik og annmarkar sem varða öryggi sem sýnir að öryggi í flugi er ábótavant. Öryggisupplýsingar eru því mikilvægur grunnur að því að greina hugsanlega öryggishættu. Þó svo að það sé mikilvægt að draga lærdóm af slysum hefur það sýnt sig að kerfi, sem byggjast eingöngu á viðbrögðum, komi að takmörkuðum notum þegar kemur að því að stuðla að frekari úrbótum. Til viðbótar við

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 122, 24.4.2014, bls. 18. Hinnar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 275/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 198, 10.7.2013, bls. 73.

⁽²⁾ Afstaða Evrópuþingsins frá 26. febrúar 2014 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 14. mars 2014.

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 frá 20. október 2010 um rannsóknir og forvarnir gegn slysum og flugatvikum í almenningssflugum og um niðurfellingu á tilskipun 94/56/EB (Stjtið. ESB L 295, 12.11.2010, bls. 35).

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningssflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB (Stjtið. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1).

viðbragðskerfin ættu því að vera forvarnarkerfi þar sem notaðar eru annars konar öryggisupplýsingar til að gera skilvirkar úrbætur á sviði flugöryggis. Evrópusambandið, aðildarríki þess, Flugöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Flugöryggisstofnunin“) og fyrirtæki eða stofnanir ættu að stuðla að bættu flugöryggi með því að innleiða forvarnartengdari og gagnreyndari öryggiskerfi þar sem áhersla er lögð á slysavarnir sem byggist á því að greina allar viðeigandi öryggisupplýsingar, þ.m.t. upplýsingar um atvik í almenningsflugi.

- 6) Í því skyni að bæta flugöryggi ætti að tilkynna, safna, geyma, vernda, miðla, dreifa og greina viðeigandi upplýsingar um öryggi í almenningsflugi og grípa til viðeigandi öryggisaðgerða á grundvelli þeirra upplýsinga sem er safnað. Hlutaðeigandi flugöryggisyrirvöld aðildarríkjanna, fyrirtæki eða stofnanir, sem lið í öryggisstjórnunarkerfi sínu, og Flugöryggisstofnunin ættu að nota þessa forvarnartengdu og gagnreyndu nálgun.
- 7) Þær skyldur sem lagðar eru á fyrirtæki eða stofnanir í tengslum við tilkynningar um atvik ættu að vera í réttu hlutfalli við stærð hlutaðeigandi fyrirtækis eða stofnunar og umfang starfsemi hennar. Því ætti að vera mögulegt, einkum fyrir minni fyrirtæki eða stofnanir, að ákveða að tengja eða sameina verkefni, sem tengjast meðhöndlun atvika innan fyrirtækisins eða stofnunarinnar, að deila verkefnum, sem tengjast tilkynningu atvika, með öðrum fyrirtækjum eða stofnunum af sama toga eða að útvísta verkefnum til sérhæfðra aðila, sem lögbær yfirvöld aðildarríkjanna hafa samþykkt, sem fela í sér að safna, meta, vinna úr, greina og geyma upplýsingar um atvik. Slíkir aðilar ættu að fara að meginreglunum um verndun og trúnaðarkvöld sem settar eru með þessari reglugerð. Fyrirtækið eða stofnunin, sem útvistar verkefnum, ætti að viðhalda viðeigandi eftirliti með þessum verkefnum og bera endanlega ábyrgð á því að kröfum þessarar reglugerðar sé fylgt.
- 8) Nauðsynlegt er að tryggja að fagfólk í fremstu röð fluggeirans tilkynni atvik sem skapa umtalsverða áhættu fyrir flugöryggi. Kerfi fyrir valfrjálsar tilkynningar ætti að vera til fyllingar kerfinu fyrir skyldubundnar tilkynningar og skulu bæði kerfin gera einstaklingum kleift að tilkynna atvik sem tengjast öryggi í flugi. Slíkt kerfi fyrir skyldubundnar tilkynningar og valfrjálsar tilkynningar ættu að vera fyrir hendi innan fyrirtækja eða stofnana, Flugöryggisstofnunarinnar og lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna. Flytja ætti upplýsingar, sem er safnað, til þess yfirvalds sem er lögbært til að annast viðeigandi vöktun í því skyni að auka flugöryggi. Fyrirtæki eða stofnanir ættu að greina þau atvik sem gætu haft áhrif á öryggi í því skyni að auðkenna öryggishættur og grípa til hvers konar viðeigandi aðgerða til úrbóta eða fyrirbyggjandi aðgerða. Fyrirtækin eða stofnanirnar ættu að senda lögbæru yfirvaldi í aðildarríki sínu eða Flugöryggisstofnuninni bráðabirgðaniðurstöður úr greiningum sínum og þau ættu einnig að senda þeim lokaniðurstöðurnar ef þessar niðurstöður sýna fram á að flugöryggi sé raunverulega eða hugsanlega í hættu. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum og Flugöryggisstofnunin ættu að innleiða sambærilega málsmeðferð fyrir þau atvik sem voru tilkynnt beint til þeirra og ættu að vakta með fullnægjandi hætti mat fyrirtækisins eða stofnunarinnar og hver konar aðgerðir til úrbóta eða forvarnaraðgerðir sem hún grípur til.
- 9) Starfsfólk, sem starfar á hinum ýmsu sviðum fluggeirans eða tengist þeim með öðrum hætti, verður vitni að atburðum sem eru mikilvægir í tengslum við slysavarnir. Starfsfólk ætti því að hafa aðgang að búnaði sem gerir því kleift að tilkynna slíka atburði og ætti vernd þeirra að vera tryggð. Til að hvetja starfsfólk til að tilkynna atvik og gera það meðvitaðra um þau jákvæðu áhrif sem tilkynningar um atvik hafa á flugöryggi ætti að upplýsa starfsfólkið reglulega um aðgerðir sem gripið er til innan ramma tilkynningakerfa um atvik.
- 10) Hættan og áhættan, sem tengjast flóknum, vélknúnum loftförum, eru mjög frábrugðnar þeim sem tengjast öðrum tegundum loftfara. Jafnvel þótt fluggeirinn í heild ætti að falla undir þessa reglugerð ættu skyldurnar, sem eru innleiddar með þessari reglugerð, þó að vera í réttu hlutfalli við starfssvið og margbreytileika hinna mismunandi tegunda loftfara. Til samræmis við það ættu upplýsingar um atvik, sem varða loftfar, annað en flókið, vélknúð loftfar, að falla undir einfaldaða tilkynningarskyldu sem á betur við um þann hluta flugmála.
- 11) Hvetja ætti til þróunar á öðrum aðferðum við að safna öryggisupplýsingum til viðbótar við kerfin, sem krafist er samkvæmt þessari reglugerð, í því skyni að safna frekari upplýsingum sem gætu stuðlað að bættu flugöryggi. Fyrirtæki eða stofnanir, sem hafa nú þegar starfhæft kerfi við söfnun upplýsinga, ættu að fá leyfi til að halda áfram að nota þessi kerfi, samhliða þeim kerfum sem á að innleiða samkvæmt þessari reglugerð.
- 12) Yfirvöld öryggisrannsóknar og aðilar, sem falið er að setja reglur um öryggi í almenningsflugi innan Sambandsins, ættu að hafa fullan aðgang að upplýsingum um atvik, sem er safnað, og að tilkynningum um atvik, sem hlutaðeigandi aðildarríki geymir, til að ákvarða hvaða flugatvik krefjast öryggisrannsóknar sem og hvenær megi draga lærdóm af reynslu í þágu flugöryggis ásamt því að uppfylla eftirlitsskyldur sínar.
- 13) Mikilvægt er að gögnin, sem notuð eru, séu vönduð og heildstæð þar eð greiningar og leitni, sem fengnar eru á grunni ónákvæmra gagna, gætu leitt í ljós misvísandi niðurstöður og haft í för með sér að áhersla verði lögð á atriði sem ekki þarf að skoða. Auk þess gætu svona ónákvæm gögn dregið úr tiltrú á upplýsingum sem koma frá tilkynningakerfum um atvik. Til að tryggja gæði tilkynninga um atvik og til að gera þær heildstæðari ættu þær að innihalda tilteknar lágmarksupplýsingar sem geta verið breytilegar eftir flokki atviks. Auk þess ætti að taka upp málsmeðferð til að hafa

eftirlit með gæðum upplýsinganna og til að koma í veg fyrir ósamræmi milli tilkynningar um atvik og upplýsinganna sem var upphaflega safnað um atvikið. Með stuðningi framkvæmdastjórnarinnar ætti enn fremur að semja viðunandi leiðbeiningar, einkum til að tryggja gæði gagnanna og til að gera þau heildstæðari sem og til að tryggja samræmda skráningu gagna í gagnagrunna. Einnig ætti að skipuleggja málstofur, einkum af hálfu framkvæmdastjórnarinnar, til að veita nauðsynlegan stuðning.

- 14) Framkvæmdastjórnin ætti að þróa sameiginlegt, evrópskt áhættuflokkunarkerfi til að tryggja að þegar verið er að rannsaka einstök öryggisatvik, sem mikil áhætta fylgir, sé hægt að grípa fljótt til viðeigandi aðgerða. Með þessu kerfi ætti einnig að vera hægt að greina helstu áhættusviðin út frá heildarupplýsingum. Slíkt kerfi ætti að aðstoða viðkomandi aðila við að meta atvik og ákvarða hvað þeir ættu helst að leggja áherslu á. Sameiginlegt, evrópskt áhættuflokkunarkerfi ætti að stuðla að samþættri og samræmdri nálgun við áhættustjórnun innan evrópska flugkerfisins og gera fyrirtækjum eða stofnunum, aðildarríkjum, framkvæmdastjórninni og Flugöryggisstofnuninni þannig kleift að beina athygli sinni að því að auka öryggi með samræmdum hætti.
- 15) Sameiginlegt evrópskt áhættuflokkunarkerfi ætti einnig að gera kleift að auðkenna megináhættusvið innan Sambandsins á grundvelli heildarupplýsinga frá evrópsku sjónarmiði sem og að styðja við þá vinnu sem unnin hefur verið í tengslum við flugöryggisáætlun Evrópu (e. *European Aviation Safety Programme*) og aðgerðaáætlun um flugöryggi í Evrópu (e. *European Aviation Safety Plan*). Framkvæmdastjórnin skal veita viðeigandi stuðning til að tryggja samræmda og einsleita áhættuflokkun í öllum aðildarríkjunum.
- 16) Til að einfalda upplýsingaskipti ætti að geyma allar tilkynningar um atvik í gagnagrunnum, sem ættu að samrýmast Evrópsku samræmingarmiðstöðinni fyrir tilkynningararkerfi um flugatvik (ECCAIRS) (hugbúnaður sem er notaður í öllum aðildarríkjunum og fyrir miðlæga, evrópska gagnasafnið til að geyma tilkynningar um atvik) og ADREP-flokkunarfræðinni (flokkunarfræði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, sem einnig er notuð í tengslum við ECCAIRS-hugbúnaðinn). Flugöryggisstofnunin og framkvæmdastjórnin ættu að veita tækniástoð í tengslum við rekstrarsamhæfi kerfanna.
- 17) Fyrirtæki eða stofnanir ættu að geyma í einum eða fleiri gagnagrunnum tilkynningar um atvik, sem byggjast á upplýsingum um atvik, sem safnað er fyrir tilstuðlan kerfa fyrir skyldubundnar tilkynningar og, ef það á við, kerfa fyrir valfrjálsar tilkynningar. Flækjustig gagnagrunnsins ætti að geta verið í réttu hlutfalli við stærð hlutaðeigandi fyrirtækis eða stofnunar og/eða mikilvægi hennar í tengslum við markmið þessarar reglugerðar og ætti gagnagrunnurinn a.m.k. að innihalda gagnaskrá sem inniheldur sameiginlega, lögboðna gagnareiti og, eftir atvikum, sérstaka, lögboðna gagnareiti.
- 18) Tilkynna ætti atvik sem tengist loftfari, sem er skráð í aðildarríki eða starfrækt á vegum fyrirtækis eða stofnunar, sem hefur staðfestu í aðildarríki, jafnvel þótt atvikið eigi sér stað utan yfirráðasvæðis hlutaðeigandi aðildarríkis.
- 19) Til að efla greiningu á raunverulegum eða hugsanlegum hættum ætti að skiptast á upplýsingum um atvik innan Sambandsins. Þessi upplýsingaskipti ættu einnig að gera aðildarríkjum kleift að fá aðgang að öllum upplýsingum um atvik sem eiga sér stað á yfirráðasvæði þeirra eða innan loftrýmis þeirra en eru tilkynnt til annars aðildarríkis. Þetta ætti einnig að gera Flugöryggisstofnuninni kleift að fá nákvæmar upplýsingar um atvik og aðgang að öllum tilkynningum um atvik, sem lagðar hafa verið fram innan Sambandsins, til þess að grípa til aðgerða til úrbóta, ef nauðsyn krefur, og til að sporna gegn áhættu sem greinist innan Sambandsins. Þessi upplýsingaskipti ættu að gera lögbærum yfirvöldum í aðildarríkjum kleift að fá nákvæmar upplýsingar um atvik, sem eiga sér stað innan þeirra loftrýmis, og, ef nauðsyn krefur, að grípa til aðgerða til úrbóta til að sporna gegn áhættu sem greinist á þeirra yfirráðasvæði.
- 20) Markmiðið með þessum upplýsingaskiptum um atvik ætti að vera að koma í veg fyrir flugslys og flugatvik. Upplýsingarnar ætti hvorki að nota til að skipta sök eða ábyrgð né heldur til að ákvarða viðmiðun um öryggisframmistöðu.
- 21) Skilvirkasta leiðin til að tryggja skipti á miklu magni upplýsinga um öryggismál milli aðildarríkjanna, framkvæmdastjórnarinnar og Flugöryggisstofnunarinnar er að nota miðlæga, evrópska gagnasafnið, að því tilskildu að aðildarríkin, framkvæmdastjórnin og Flugöryggisstofnunin hafi fullan aðgang að því.
- 22) Allar öryggistengdar upplýsingar, sem fengnar eru úr tilkynningum um atvik, sem safnað er í Sambandinu, ætti að flytja tímanlega í miðlæga, evrópska gagnasafnið. Þetta ætti að fela í sér söfnun upplýsinga um flugatvik en einnig upplýsingar um slys og alvarleg flugatvik sem hafa verið rannsökuð í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 996/2010.
- 23) Þessi reglugerð ætti að gilda um upplýsingar um atvik, sem geymdar eru í gagnagrunnum hjá fyrirtækjum eða stofnunum, aðildarríkjum eða Flugöryggisstofnuninni.

- 24) Allar öryggistengdar upplýsingar, sem geymdar eru í miðlæga, evrópska gagnasafninu, ættu að vera aðgengilegar aðilum, sem falið er að setja reglur um öryggi í almenningssflug í Sambandinu, þ.m.t. Flugöryggisstofnuninni, og yfirvöldum sem bera ábyrgð á því að rannsaka slys og flugatvik í Sambandinu.
- 25) Hagsmunaaðilar ættu að geta óskað eftir aðgangi að tilteknum upplýsingum, sem geymdar eru í miðlæga, evrópska gagnasafninu, sbr. þó reglurnar um trúnað varðandi slíkar upplýsingar og nafnleynd hlutaðeigandi einstaklinga.
- 26) Þar sem tengiliðir ríkja vita best hvaða hagsmunaaðilar hafa staðfestu í tilteknu aðildarríki ætti tengiliður hvers ríkis að meðhöndla beiðnir frá hagsmunaaðilum með staðfestu á yfirráðasvæði eigin aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin ætti að meðhöndla beiðnir hagsmunaaðila frá þriðju löndum eða alþjóðastofnunum.
- 27) Upplýsingar, sem koma fram í tilkynningum um atvik, skulu greindar og öryggisáætlunir auðkenndar. Þar af leiðandi ætti að tilgreina og framkvæma tímanlega hvers konar viðeigandi aðgerð til að bæta flugöryggi. Miðla ætti upplýsingum um greiningu á atvikum og eftirfylgni með þeim til fyrirtækja eða stofnana, lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum og Flugöryggisstofnunarinnar þar sem endurgjöf um tilkynnt atvik hvetur einstaklinga til að tilkynna atvik. Þar sem við á og þegar því verður við komið ætti einnig að láta einstaklingum, sem hafa tilkynnt atvik beint til lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum eða til Flugöryggisstofnunarinnar, í té upplýsingar um greiningu atvika og eftirfylgni með þeim. Við slíka endurgjöf ætti að fylgja reglum þessarar reglugerðar um trúnaðarkvöld og vernd tilkynnanda sem og þeirra einstaklinga sem tilgreindir eru í tilkynningum um atvik.
- 28) Markmiðið með þessari reglugerð ætti að vera að aðstoða aðildarríki, Flugöryggisstofnunina sem og fyrirtæki eða stofnanir við að stýra áhættu sem tengist flugöryggi. Öryggisstjórnunarkerfi aðildarríkja og Flugöryggisstofnunarinnar koma til viðbótar við öryggisstjórnunarkerfi fyrirtækja eða stofnana. Á meðan fyrirtæki eða stofnanir sjá um að stýra öryggisáhættu, sem tengist sértækri starfsemi þeirra, sjá lögbær yfirvöld aðildarríkjanna og Flugöryggisstofnunin um að stjórna öryggisáhættu, sem tengist flugkerfum allra aðildarríkjanna annars vegar og Sambandsins í heild hins vegar, og takast á við sameiginlega öryggisáhættu fyrir flug í hlutaðeigandi aðildarríki eða á vettvangi Sambandsins. Ábyrgð Flugöryggisstofnunarinnar og lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna ætti ekki að leysa fyrirtæki eða stofnanir undan beinni ábyrgð þeirra að því er varðar stjórnun öryggis í tengslum við þær vörur og þá þjónustu sem þær veita. Í því skyni ættu fyrirtæki eða stofnanir að safna og greina upplýsingar um atvik til að auðkenna og draga úr hættum sem tengjast starfsemi þeirra. Þau ættu einnig að meta tilheyrandi öryggisáhættu og láta í té úrræði til að unnt sé að grípa til tafarlausra og viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu. Viðeigandi lögbært yfirvald ætti að vakta heildarferlið og, ef nauðsyn krefur, að krefjast þess að gripið sé til viðbótaraðgerða til að tryggja að ráðin sé bót á annmörkum í öryggismálum með viðeigandi hætti. Á hinn bóginn ættu lögbær yfirvöld aðildarríkjanna og Flugöryggisstofnunin að bæta við öryggisstjórnunarkerfi fyrirtækja eða stofnana á vettvangi aðildarríkjanna annars vegar og á evrópskum vettvangi hins vegar.
- 29) Þegar aðildarríki ákveða hvaða aðgerðir eigi að vera innan flugöryggisáætlunar og aðgerðaáætlunar þeirra um flugöryggi ættu þau að nota upplýsingarnar úr tilkynningum um atvik, sem safnað hefur verið, og greiningu þeirra til að tryggja að aðgerðin sé gagnreynd. Á evrópskum vettvangi kemur flugöryggisáætlun Evrópu og aðgerðaáætlun um flugöryggi í Evrópu til fyllingar flugöryggisáætlunum ríkja og aðgerðaáætlunum ríkja um flugöryggi.
- 30) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum um úrbætur á sviði flugöryggis, þar sem tilkynningakerfin, sem aðildarríkin reka hvert fyrir sig, eru ekki eins skilvirk og samræmt net fyrir upplýsingaskipti, sem gerir kleift að greina möguleg öryggisvandamál og helstu áhættusviðin á vettvangi Sambandsins, ætti greining og eftirfylgni með þeim á vettvangi Sambandsins að koma til fyllingar greiningu og eftirfylgni með þeim á landsvísi til að tryggja betri forvarnir gegn flugslysum og flugatvikum. Hópur greinenda á sviði flugöryggismála ætti að annast þetta verkefni á vettvangi Sambandsins í samstarfi við Flugöryggisstofnunina og framkvæmdastjórnina. Það ætti að vera mögulegt fyrir þennan hóp að ákveða, með samhljóða samþykki, að bjóða áheyrnarfulltrúum á fundi sína, þ.m.t. starfsmönnum eða fulltrúum úr flugiðnaðinum.
- 31) Flugöryggisáætlun Evrópu og aðgerðaáætlun um flugöryggi í Evrópu ættu einkum að njóta góðs af störfum hóps greinenda á sviði flugöryggismála í þeim tilgangi að ákvarða, út frá gagnreyndu sjónarhorni, hvaða aðgerðum þyrfti að hrinda í framkvæmd á vettvangi Sambandsins.
- 32) Almennir ættu að fá almennar heildarupplýsingar um stöðu flugöryggis í aðildarríkjunum og Sambandinu. Þessar upplýsingar ættu einkum að taka til leitni og greiningar, sem eiga rætur sínar að rekja til framkvæmdar aðildarríkjanna á þessari reglugerð, sem og til samantekinna upplýsinga um innihald miðlæga, evrópska gagnasafnsins og heimilt er að veita þessar upplýsingar með því að birta frammistöðuvísa öryggis (SPI).

- 33) Öryggiskerfi í almenningssflugi er komið á fót á grundvelli endurgjafar um slys og flugatvik og lærdóms sem draga má af þeim. Tilkynning um atvik og notkun upplýsinga um atvik til að auka öryggi er háð því að traust samband ríki á milli tilkynnanda og aðilans sem sér um að safna upplýsingum og meta þær. Þetta krefst þess að beitt sé ströngum reglum um trúnaðarkvöð. Tilgangur þess að vernda öryggisupplýsingar gegn óviðeigandi notkun og að takmarka aðgang að miðlæga, evrópska gagnasafninu eingöngu við hagsmunaaðila, sem taka þátt í að bæta öryggi í almenningssflugi, er að tryggja áframhaldandi aðgengi að öryggisupplýsingum þannig að hægt sé að gripa tímanlega til viðeigandi fyrirbyggjandi aðgerða og auka öryggi í flugi. Í þessu samhengi ætti að vernda viðkvæmar öryggisupplýsingar á viðeigandi hátt og tryggja ætti söfnun þeirra með því að ábyrgjast að farið verði með þær sem trúnaðarmál, að ekki verði gefið upp hvaðan þær koma og með því að vinna trúnaðartraust starfsfólks sem starfar innan almenningssflugs við tilkynningakerfi um atvik. Gripa ætti til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að farið verði með upplýsingar, sem hefur verið safnað fyrir tilstuðlan tilkynningakerfa um atvik, sem trúnaðarmál og að aðgangur að miðlæga, evrópska gagnasafninu verði takmarkaður. Í landsreglum um upplýsingafrelsi ætti að taka tillit til nauðsynlegs trúnaðar í tengslum við slíkar upplýsingar. Upplýsingar, sem hefur verið safnað, ættu að njóta fullnægjandi verndar gegn óleyfilegri notkun eða birtingu. Upplýsingarnar ætti aðeins að nota til að viðhalda eða bæta flugöryggi og ekki til að skipta sök eða ábyrgð.
- 34) Til að vinna trúnaðartraust launafólks eða samningsbundinna starfsmanna, sem starfa innan fyrirtækis eða stofnunar við tilkynningakerfi um atvik, ætti að vernda upplýsingarnar, sem fram koma í tilkynningum um atvik, á viðeigandi hátt og ekki ætti að nota þær í öðrum tilgangi en þeim að viðhalda eða bæta flugöryggi. Innri reglur fyrirtækja eða stofnanana um sanngirnismenningu, sem samþykktar hafa verið í samræmi við þessa reglugerð, ættu einkum að stuðla að því að þetta markmið náist. Þar að auki gæti skilvirk leið til að ná þessu markmiði verið að takmarka sendingar persónulegra upplýsinga eða upplýsinga, sem gera kleift að auðkenna tilkynnandann eða aðra einstaklinga, sem tilgreindir eru í tilkynningum um atvik, með því að viðhalda skýrum aðskilnaði milli deilda, sem annast tilkynningar um atvik, og annarra hluta fyrirtækisins eða stofnunarinnar.
- 35) Vernda ætti tilkynnanda eða einstakling, sem tilgreindur er í tilkynningum um atvik, með fullnægjandi hætti. Í þessu samhengi ætti að gera gögn um tilkynningar um atvik órekjanlegar og ekki ætti að færa í gagnagrunna upplýsingar sem varða deili á tilkynnanda eða einstaklingi sem tilgreint er í tilkynningum um atvik.
- 36) Auk þess ætti almenningssflugkerfið að stuðla að öryggismenningu sem greiðir fyrir tafarlausri tilkynningu atvika og eflir þar með meginregluna um sanngirnismenningu. Sanngirnismenningin er þýðingarmikill hluti af viðtækari öryggismenningu sem skapar grunn að traustu öryggisstjórnunarkerfi. Innan umhverfis, þar sem tekið er tillit til meginreglna um öryggismenningu, ætti ekki að koma í veg fyrir að gripað sé til aðgerða, ef nauðsyn krefur, til að viðhalda eða gera úrbætur á flugöryggi.
- 37) Sanngirnismenning ætti að hvetja til þess að einstaklingar tilkynni öryggistengdar upplýsingar. Hún ætti þó ekki að leysa einstaklinga undan hefðbundnum skyldum sínum. Launafólk og samningsbundið starfsfólk ætti í þessu samhengi ekki að sæta neinum viðurlögum á grundvelli upplýsinga, sem veittar eru í samræmi við þessa reglugerð, nema um sé að ræða visvitandi misgerð eða greinilega, grófa og alvarlega vanrækslu í tengslum við augljósa áhættu og algera vanrækslu varðandi þá faglegu ábyrgð að gripa ekki til aðgerða sem augljóslega er þörf á við aðstæður sem valda einstaklingum eða eignum fyrirsjáanlegum skaða eða stofnar flugöryggi í alvarlega hættu.
- 38) Til að stuðla að því að atvik séu tilkynnt er við hæfi að vernda bæði tilkynnendurna og einstaklingana sem tilgreindir eru í hlutaðeigandi tilkynningu um atvik. Slík vernd ætti þó ekki að leysa þessa einstaklinga undan tilkynningarskyldu sinni samkvæmt þessari reglugerð. Þegar einstaklingur er tilgreindur í tilkynningu um atvik og honum ber sjálfum skylda til að tilkynna þetta sama atvik en hefur viljandi látið það ógert, ætti þessi sami einstaklingur ekki lengur að njóta verndar og skal hann hljóta refsingu í samræmi við þessa reglugerð.
- 39) Með fyrirvara um landsbundinn refsirétt og tilhlýðilega réttarvörslu er mikilvægt að afmarka með skýrum hætti umfang verndarinnar, sem tilkynnendur og aðrir einstaklingar, sem tilgreindir eru í tilkynningum um atvik, njóta gegn viðurlögum eða saksókn.
- 40) Til að auka tiltrú einstaklinga á kerfið ætti að skipuleggja meðhöndlun tilkynninga um atvik þannig að nafni tilkynnanda sé haldið leyndu sem og annarra einstaklinga, sem tilgreindir eru í tilkynningum um atvik, í því skyni að stuðla að sanngirnismenningu. Ef því verður við komið ætti markmiðið með þessu að gera kleift að koma á fót óháðu viðbragðskerfi fyrir atvik.

- 41) Starfsfólk fyrirtækja eða stofnana, lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna og Flugöryggisstofnunarinnar, sem taka þátt í að meta, vinna úr eða greina atvik, gegna mikilvægu hlutverki við að auðkenna öryggishættur og annmarka í öryggismálum. Reynslan sýnir að þegar atvik eru greind í kjölfar slyss, með því að nota sér það að vera vitur eftir á, leiðir greiningin til þess að áhætta og annmarkar eru auðkennd sem hefðu mögulega ekki annars verið auðkennd. Því er mögulegt að einstaklingar, sem taka þátt í að meta, vinna úr eða greina atvik, gætu óttast mögulegar afleiðingar með tilliti til þess að vera sóttir til saka fyrir dómi. Með fyrirvara um landsbundinn refsirétt og tilhlýðilega réttarvörslu ættu aðildarríkin ekki að höfða dómsmál gegn einstaklingum, sem taka þátt í að meta, vinna úr eða greina atvik, fyrir hönd lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum, að því er varðar ákvarðanir, sem þeir taka við skyldustörf sín, og sem, eftir á að hyggja, reyndust vera rangar eða óskilvirkar en á þeim tíma sem þær voru teknar og á grundvelli þeirra upplýsinga sem lágu fyrir á þeim tíma voru þær viðeigandi og í réttu hlutfalli við aðstæður.
- 42) Launafólk og samningsbundið starfsfólk ætti að hafa möguleika á því að tilkynna brot á meginreglum, sem afmarka vernd þeirra í samræmi við þessa reglugerð, og ætti ekki að refsa því fyrir slíkt. Aðildarríki ættu að ákvarða afleiðingar þeirra sem brjóta meginregluna um vernd tilkynnanda og annarra einstaklinga, sem tilgreindir eru í tilkynningum um atvik, og ættu þau að samþykkja úrræði eða beita viðeigandi viðurlögum.
- 43) Óttinn við að koma sök á sjálfan sig og mögulegar afleiðingar þess, með tilliti til saksóknar fyrir dómi, gæti fælt einstaklinga frá því að tilkynna atvik. Unnt er að ná markmiðum þessarar reglugerðar án þess að hafa óþarflega mikil afskipti af réttarkerfi aðildarríkjanna. Því er við hæfi að kveða á um að brot á lögum af óyfirlögðu ráði eða fyrir slysi, sem yfirvöld aðildarríkjanna fá einungis vitneskju um fyrir tilstuðlan tilkynningar samkvæmt þessari reglugerð, ættu ekki að leiða til agamála, stjórnsýslumála eða dómsmála, nema kveðið sé á um annað í viðeigandi refsirétti hvers ríkis. Réttindi þriðju aðila til að höfða einkamál ættu þó ekki að falla undir þetta bann og ættu einungis að falla undir landslög.
- 44) Engu að síður ættu aðildarríki, í tengslum við þróun „sanngirnismenningar“, að halda þeim möguleika opnum að vikka út bannið um að nota tilkynningar um atvik sem sönnunargögn gegn tilkynnendum í tengslum við stjórnsýslumál og agamál þannig að það nái einnig yfir einkamál eða refsímál.
- 45) Auk þess ætti að efla samstarf milli öryggis- og dómsyfirvalda og það gert formlegt með fyrirframákveðnu fyrirkomulagi þeirra á milli sem ætti að virða jafnvægið á milli hinna ýmsu hagsmuna almennings, sem eru í húfi, og sem ætti einkum að taka til aðgangs að og notkunar á tilkynningum um atvik sem finna má í landsbundnum gagnagrunnum.
- 46) Til að styðja við aukna ábyrgð Flugöryggisstofnunarinnar, samkvæmt þessari reglugerð, ætti hún að fá nægileg úrræði til að henni sé kleift að inna af hendi þau viðbótarverkefni sem henni eru falin.
- 47) Framkvæmdastjórninni skal falið umboð til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins í því skyni að bæta við þessa reglugerð eða breyta henni. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Við undirbúning og samningu framseldra gerða ætti framkvæmdastjórnin að tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.
- 48) Við beitingu þessarar reglugerðar ætti framkvæmdastjórnin að hafa samráð við Flugöryggisstofnunina og hóp greinenda á sviði flugöryggismála sem um getur í reglugerðinni.
- 49) Til að tryggja samræmd skilyrði við framkvæmd þessarar reglugerðar ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvaldið. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ⁽⁵⁾.
- 50) Við beitingu þessarar reglugerðar ætti að virða að fullu reglurnar um gagnavinnslu og vernd einstaklinga, eins og mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB ⁽⁶⁾ og í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 ⁽⁷⁾. Við beitingu þessarar reglugerðar ætti að virða að fullu reglurnar um aðgang að gögnum, eins og

⁽⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

⁽⁶⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).

⁽⁷⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtið. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 ⁽⁸⁾, nema hvað varðar miðlun gagna og upplýsinga, sem finna má í miðlæga, evrópska gagnasafninu, sem njóta verndar samkvæmt strangari reglum um aðgang, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

- 51) Það ætti einkum að beita viðurlögum gegn einstaklingi eða aðila, sem brýtur í bága við þessa reglugerð þegar hann misnotar upplýsingar, sem reglugerðin verndar, þegar hann kemur fram með þeim hætti að það skaðar tilkynnanda eða aðra einstaklinga, sem tilgreindir eru í tilkynningum um atvik, að undanskildum tilvikum þar sem undanþágur, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, gilda, þegar hann skapar ekki umhverfi, sem gerir kleift að safna upplýsingum um atvik, þegar hann greinir ekki upplýsingarnar, sem hefur verið safnað, þegar hann gerir ekki úrbætur á annmörkum í öryggismálum eða mögulegum annmörkum í öryggismálum, sem koma í ljós, eða þegar hann deilir ekki upplýsingum, sem hefur verið safnað, við beitingu þessarar reglugerðar.
- 52) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að setja sameiginlegar reglur um tilkynningu atvika í almenningflug, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs og áhrifa reglugerðarinnar innan Sambandsins, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessu markmiði.
- 53) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 996/2010 til samræmis við það.
- 54) Því ætti að fella tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/42/EB ⁽⁹⁾, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1321/2007 ⁽¹⁰⁾ og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1330/2007 ⁽¹¹⁾ úr gildi.
- 55) Haft var samráð við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 2. mgr. 28. gr. reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og skilaði hún álit 10. apríl 2013 ⁽¹²⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Markmið

1. Markmiðið með þessari reglugerð er að bæta öryggi í flugi með því að tryggja tilkynningu, söfnun, geymslu, verndun, skipti á, miðlun og greiningu viðeigandi öryggisupplýsinga um almenningflug.

Þessi reglugerð tryggir:

- a) að gripið sé tímanlega til öryggisáðgerða, eftir því sem við á, á grundvelli greiningar á upplýsingum sem hefur verið safnað,
- b) að áfram sé aðgengi að öryggisupplýsingum með því að innleiða reglur um trúnaðarkvöð og viðeigandi notkun upplýsinga og með samræmdri og aukinni vernd fyrir tilkynnendur og einstaklinga, sem tilgreindir eru í tilkynningum um atvik, og
- c) að áhætta í tengslum við flugöryggi sé tekin til athugunar og að fjallað sé um hana á vettvangi Sambandsins sem og á landsvísu.
2. Meginmarkmiðið með því að tilkynna atvik er að koma í veg fyrir slys og flugatvik, ekki að skipta sök eða ábyrgð.

⁽⁸⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar (Stjtið. EB L 145, 31.5.2001, bls. 43).

⁽⁹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/42/EB frá 13. júní 2003 um tilkynningu atvika í almenningflug (Stjtið. ESB L 167, 4.7.2003, bls. 23).

⁽¹⁰⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1321/2007 frá 12. nóvember 2007 um reglur um framkvæmd skráningar upplýsinga um atvik í almenningflug, sem skipst er á í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins 2003/42/EB, í miðlægt gagnasafn (Stjtið. ESB L 294, 13.11.2007, bls. 3).

⁽¹¹⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1330/2007 frá 24. september 2007 um reglur um framkvæmd miðlunar upplýsinga til hagsmunaaðila um atvik í almenningflug sem um getur í 2. mgr. 7. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/42/EB (Stjtið. ESB L 295, 14.11.2007, bls. 7).

⁽¹²⁾ Stjtið. ESB C 358, 7.12.2013, bls. 19.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „tilkynnandi“: einstaklingur sem tilkynnir atvik eða aðrar öryggistengdar upplýsingar samkvæmt þessari reglugerð,
- 2) „loftfar“: hvert tæki sem haldist getur á flugi vegna verkana loftsins, annarra en loftpúðaáhrifa við yfirborð jarðar,
- 3) „flugatvik“: flugatvik í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 996/2010,
- 4) „alvarlegt flugatvik“: alvarlegt flugatvik í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 996/2010,
- 5) „slys“: slys í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 996/2010,
- 6) „órekjanlegar upplýsingar“: upplýsingar sem koma úr tilkynningum um atvik þar sem allar persónuupplýsingar hafa verið fjarlægðar, s.s. nöfn eða heimilisföng einstaklinga,
- 7) „atvik“: atburður sem tengist öryggi, einkum slys eða alvarlegt flugatvik, sem stofnar eða, ef ekki er gripið til aðgerða eða gerðar úrbætur, gæti stofnað loftfari, farþegum þess eða öðrum einstaklingum í hættu,
- 8) „fyrirtæki eða stofnun“: hvers konar fyrirtæki eða stofnun sem afhendir framleiðsluvörur fyrir loftför og/eða sem ræður til sín, semur við eða notar þjónustu einstaklinga sem ber skylda til að tilkynna atvik í samræmi við 6. mgr. 4. gr.,
- 9) „nafnleynd“: það að fjarlægja úr tilkynningum um atvik allar persónulegar upplýsingar, sem varða tilkynnandann og einstaklingana, sem tilgreindir eru í tilkynningum um atvik, sem og upplýsingar, þ.m.t. heiti fyrirtækisins/fyrirtækjanna eða stofnunarinnar/stofnananna, sem tengjast atvikinu, sem gætu afhjúpað deili á tilkynnanda eða þriðja aðila eða haft í för með sé að rekja megi þær upplýsingar út frá tilkynningunni um atvik,
- 10) „hætta“: aðstæður eða hlutur, sem getur mögulega valdið dauða eða áverkum, skemmdum á búnaði eða mannvirki, efnistapi eða skerðingu á getu til að sinna því verki sem mælt er fyrir um,
- 11) „yfirvald öryggisrannsóknar“: varanlegt, landsbundið yfirvald öryggisrannsóknar á sviði almenningsflugs sem annast eða hefur umsjón með öryggisrannsóknnum eins og um getur í 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 996/2010,
- 12) „sanngirnismenning“: menning þar sem aðilum í framvarðarlínu rekstrar eða öðrum er ekki refsað fyrir athafnir, yfirsjónir eða ákvarðanir, sem þeir hafa tekið og samrýmast reynslu þeirra og þjálfun, en þar sem vítavert gáleysi, brot af ásetningi og skaðlegar athafnir eru ekki liðin,
- 13) „tengiliður“:
 - a) þegar hagsmunaaðili, sem hefur staðfestu í aðildarríki, óskar eftir upplýsingum: lögbært yfirvald sem hvert yfirvald tilnefni í samræmi við 3. mgr. 6. gr.,
 - b) þegar hagsmunaaðili, sem hefur staðfestu utan Sambandsins, óskar eftir upplýsingum: framkvæmdastjórnin,
- 14) „hagsmunaaðili“: einstaklingur eða lögaðili eða opinber aðili, hvort sem hann hefur réttarstöðu lögaðila eða ekki, sem er í aðstöðu til að taka þátt í að bæta öryggi í flugi með því að hafa aðgang að upplýsingum um atvik, sem aðildarríkin skiptast á, og sem fellur undir einn af þeim flokkum hagsmunaaðila sem taldir eru upp í II. viðauka,
- 15) „flugöryggisáætlun ríkis“: samþættur bálkur lagagerninga og aðgerða sem miða að því að stjórna öryggi í almenningsflugi í aðildarríki,
- 16) „aðgerðaáætlun um flugöryggi í Evrópu“: mat á öryggismálum og tilheyrandi aðgerðaáætlun í Evrópu,
- 17) „flugöryggisáætlun Evrópu“: samþættur bálkur reglna á vettvangi Sambandsins ásamt aðgerðum og ferlum sem notuð eru fyrir sameiginlega stjórnun á öryggi í almenningsflugi í Evrópu,
- 18) „öryggisstjórnunarkerfi“: kerfisbundin nálgun til að stjórna flugöryggi, þ.m.t. nauðsynlegt stjórnskipulag, ábyrgðarskylda, stefnumál og verklagsreglur, sem tekur til hvers konar stjórnunarkerfis sem annast stjórnun öryggis, eitt og sér eða sem hluti af öðrum stjórnunarkerfum fyrirtækis eða stofnunar.

3. gr.

Efni og gildissvið

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur:
 - a) um tilkynningu atvika, sem stofna eða, ef ekki er gripið til aðgerða eða gerðar úrbætur, gætu stofnað í hættu loftfari, farþegum þess eða öðrum einstaklingum, tækjabúnaði eða uppsettum búnaði, sem hefur áhrif á starfrækslu loftfars, og tilkynning annarra viðeigandi öryggistengdra upplýsinga í þessu samhengi,
 - b) um greiningu og framhaldsaðgerðir að því er varðar tilkynnt atvik og aðrar öryggistengdar upplýsingar,
 - c) um vernd flugmálasérfræðinga,
 - d) um viðeigandi notkun öryggisupplýsinga sem hefur verið safnað,
 - e) um skráningu upplýsinga í miðlæga, evrópska gagnasafnið og
 - f) um miðlun nafnlausra upplýsinga til hagsmunaaðila í þeim tilgangi að láta slíkum aðilum í té upplýsingarnar, sem þeir þurfa á að halda, til að auka flugöryggi.
2. Þessi reglugerð gildir um atvik og aðrar öryggistengdar upplýsingar þar sem almenning loftför eiga í hlut, þó ekki loftförin sem um getur í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008. Aðildarríki geta ákveðið að þessi reglugerð gildi einnig um atvik og aðrar öryggistengdar upplýsingar þar sem loftförin, sem um getur í II. viðauka við þá reglugerð, eiga í hlut.

4. gr.

Tilkynningarskylda

1. Atvik, sem gætu stofnað flugöryggi í umtalsverða áhættu og sem falla undir eftirfarandi flokka, skulu tilkynnt af aðilunum, sem tilgreindir eru í 6. mgr., með því að nota kerfi fyrir skyldubundnar tilkynningar atvika samkvæmt þessari grein:
 - a) atvik sem tengjast starfrækslu loftfarsins, t.d.:
 - i. atvik sem tengjast árekstri,
 - ii. atvik sem tengjast flugtaki og landingu,
 - iii. atvik sem tengjast eldsneyti,
 - iv. atvik meðan á flugi stendur,
 - v. atvik sem tengjast fjarskiptum,
 - vi. atvik sem tengjast áverkum, neyðarástandi og öðrum hættulegum aðstæðum,
 - vii. atvik sem tengjast óstarfhæfni áhafnar og önnur atvik sem tengjast áhöfninni,
 - viii. atvik sem tengjast veðurskilyrðum eða flugvernd,
 - b) atvik sem tengjast tæknilegum skilyrðum, viðhaldi og viðgerðum á loftförum, t.d.:
 - i. gallar á burðarvirki,
 - ii. kerfistengdar bilanir,
 - iii. vandamál varðandi viðhald og viðgerðir,
 - iv. vandamál varðandi knúningsafl (þ.m.t. hreyflar, loftskrúfur og þyrilkerfi) og vandamál varðandi aukaafsstöðvar (APU),
 - c) atvik sem tengjast flugleiðsöguþjónustu og -virkjum, t.d.:
 - i. árekstrar, árekstrarhætta eða hugsanleg árekstrarhætta,
 - ii. sérstök atvik varðandi rekstrarstjórnun flugumferðar og flugleiðsöguþjónustu (ATM/ANS),
 - iii. atvik sem tengjast rekstri rekstrarstjórnunar flugumferðar eða flugleiðsöguþjónustu,

- d) atvik sem tengjast flugvöllum og þjónustu á jörðu niðri, t.d.:
- atvik sem tengjast starfsemi og aðstöðu á flugvöllum,
 - atvik sem tengjast farþega-, farangurs-, póst- og farmafgreiðslu,
 - atvik sem tengjast afgreiðslu loftfars á jörðu niðri og tilheyrandi þjónustu.
2. Hvert fyrirtæki eða stofnun með staðfestu í aðildarríki, skal koma á kerfi fyrir skyldubundnar tilkynningar til að auðvelda söfnun upplýsinga um atvikin sem um getur í 1. mgr.
3. Hvert aðildarríki skal koma á kerfi fyrir skyldubundnar tilkynningar til að auðvelda söfnun upplýsinga um atvik, þ.m.t. söfnun upplýsinga um atvik sem fyrirtæki eða stofnanir hafa safnað í samræmi við 2. mgr.
4. Flugöryggisstofnun Evrópu („Flugöryggisstofnunin“) skal koma á kerfi fyrir skyldubundnar tilkynningar til að auðvelda söfnun upplýsinga um atvik, þ.m.t. söfnun upplýsinga um atvik, sem fyrirtæki eða stofnanir, sem Flugöryggisstofnunin hefur vottað eða samþykkt, hafa safnað í samræmi við 2. mgr.
5. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja, með hjálp framkvæmdargerða, skrá þar sem atvik eru flokkuð og sem vísa á til þegar atvik eru tilkynnt skv. 1. mgr. Samþykking skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 19. gr.

Framkvæmdastjórnin skal fella inn í framkvæmdargerðirnar sérstaka skrá þar sem flokkuð eru atvik sem eiga við um loftför, önnur en flókin, vélknúin loftför. Skráin skal vera einfölduð útgáfa af skránni, sem um getur í fyrstu undirgreininni, og skal, eftir því sem við á, aðlöguð að séreinkennum þessa hluta flugmála.

6. Eftirfarandi einstaklingar skulu tilkynna atvikin, sem um getur í 1. mgr., með því að nota kerfið sem fyrirtækið eða stofnunin, sem ræður til sín, gerir samning við eða nýtir sér þjónustu tilkynnanda, hefur komið á í samræmi við 2. mgr., eða, ef þetta á ekki við, með því að nota kerfið, sem aðildarríkið þar sem fyrirtækið hefur staðfestu hefur komið á í samræmi við 3. mgr., eða sem ríkið, sem gaf út, fullgilti eða breytti skírteini flugmannsins, hefur komið á fót eða með því að nota kerfið sem Flugöryggisstofnunin hefur komið á í samræmi við 4. mgr.:

- flugstjóri eða, í þeim tilvikum þar sem flugstjóri getur ekki tilkynnt atvikið, einhver annar flugverji, sem er næstráðandi um borð í loftfari, sem er skráð í aðildarríki, eða í loftfari, sem er skráð utan Sambandsins en notað af flugrekanda, enda tryggi aðildarríki að eftirlit sé haft með rekstrinum, eða af flugrekanda, sem hefur staðfestu í Sambandinu,
- einstaklingur sem undir eftirliti aðildarríkis eða Flugöryggisstofnunarinnar er ráðinn til að hanna, framleiða, vakta áframhaldandi lofthæfi, viðhalda eða breyta loftfari eða tækjabúnaði eða einhverjum hluta þess,
- einstaklingur sem undir eftirliti aðildarríkis eða Flugöryggisstofnunarinnar skrifar undir lofthæfistaðfestingarvottorð eða afhendingarvottorð fyrir loftfar eða tækjabúnað eða einhvern hluta þess,
- einstaklingur sem sinnir starfi þar sem þess er krafist að viðkomandi sé viðurkenndur af aðildarríki sem starfsmaður hjá veitanda flugumferðarþjónustu, sem er falið að bera ábyrgð á málum er varða flugleiðsöguþjónustu, eða starfsmaður flugupplýsingaþjónustu,
- einstaklingur sem sinnir starfi sem tengist öryggisstjórnun flugvallar sem fellur undir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 ⁽¹³⁾,
- einstaklingur sem sinnir starfi, sem tengist uppsetningu, breytingu, viðhaldi, viðgerð, grannskoðun, flugeftirliti eða skoðun flugleiðsöguvirkja sem aðildarríki ábyrgist umsjón með,
- einstaklingur sem sinnir starfi, sem tengist afgreiðslu loftfars á jörðu niðri, þ.m.t. eldsneytisáfyllingu, undirbúningi hleðsluskrár, hleðslu, afisun og drætti loftfars á flugvelli sem fellur undir reglugerð (EB) nr. 1008/2008.

7. Einstaklingarnir, sem tilgreindir eru í 6. mgr., skulu tilkynna atvik innan 72 klukkustunda eftir að þeir verða varir við atvikið, nema sérstakar aðstæður komi í veg fyrir það.

8. Hvert fyrirtæki eða stofnun, sem hefur staðfestu í aðildarríki og sem fellur ekki undir 9. mgr., skal, eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 72 klukkustundir eftir að vitneskja hefur fengist um atvikið, greina lögbæru yfirvaldi í hlutaðeigandi aðildarríki, eins og um getur í 3. mgr. 6. gr., frá upplýsingum um atvikið sem hefur verið safnað í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar.

⁽¹³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 frá 24. september 2008 um sameiginlegar reglur um rekstur flugþjónustu í Bandalaginu (Stjtíð. ESB L 293, 31.10.2008, bls. 3).

9. Hvert fyrirtæki eða stofnun, sem hefur staðfestu í aðildarríki og sem Flugöryggisstofnunin hefur vottað eða samþykkt, skal, eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 72 klukkustundum eftir að vitneskja hefur fengist um atvik, greina Flugöryggisstofnuninni frá upplýsingum um atvik sem hefur verið safnað í samræmi við 2. mgr.

5. gr.

Valfrjáls tilkynning

1. Hvert fyrirtæki eða stofnun, sem hefur staðfestu í aðildarríki, skal koma á kerfi fyrir valfrjálsar tilkynningar til að auðvelda söfnun:

- a) upplýsinga um atvik sem kerfið fyrir skyldubundnar tilkynningar fangar mögulega ekki,
- b) annarra öryggistengdra upplýsinga sem tilkynnandi álitur að stofni flugöryggi raunverulega eða hugsanlega í hættu.

2. Hvert aðildarríki skal koma á kerfi fyrir valfrjálsar tilkynningar til að auðvelda söfnun:

- a) upplýsinga um atvik sem kerfið fyrir skyldubundnar tilkynningar fangar mögulega ekki,
- b) annarra öryggistengdra upplýsinga sem tilkynnandi álitur að stofni flugöryggi raunverulega eða hugsanlega í hættu.

Þetta kerfi skal einnig fela í sér, en þó ekki eingöngu, söfnun upplýsinga sem fyrirtæki eða stofnanir koma til skila skv. 6. mgr.

3. Flugöryggisstofnunin skal koma á kerfi fyrir valfrjálsar tilkynningar til að auðvelda söfnun:

- a) upplýsinga um atvik sem kerfið fyrir skyldubundnar tilkynningar fangar mögulega ekki,
- b) annarra öryggistengdra upplýsinga sem tilkynnandi álitur að stofni flugöryggi raunverulega eða hugsanlega í hættu.

Þetta kerfi skal einnig fela í sér, en þó ekki eingöngu, söfnun upplýsinga sem fyrirtæki eða stofnanir, sem Flugöryggisstofnunin hefur vottað eða samþykkt, koma til skila skv. 5. mgr.

4. Nota skal kerfið fyrir valfrjálsar tilkynningar til að auðvelda söfnun upplýsinga um atvik og öryggistengdar upplýsingar sem:

- a) ekki er skylt að tilkynna um skv. 1. mgr. 4. gr.,
- b) einstaklingar, sem eru ekki skráðir í 6. mgr. 4. gr., tilkynna.

5. Hvert fyrirtæki eða stofnun, sem hefur staðfestu í aðildarríki og sem Flugöryggisstofnunin hefur vottað eða samþykkt, skal greina Flugöryggisstofnuninni tímanlega frá upplýsingum um atvik og öryggistengdum upplýsingum sem hefur verið safnað skv. 1. mgr. og sem geta falið í sér raunverulega eða hugsanlega áhættu fyrir flugöryggi.

6. Hvert fyrirtæki eða stofnun, sem hefur staðfestu í aðildarríki og sem Flugöryggisstofnunin hefur ekki vottað eða samþykkt, skal greina lögbærum yfirvöldum hlutaðeigandi aðildarríkis, sem tilnefnt er skv. 3. mgr. 6. gr., tímanlega frá upplýsingum um atvik og öðrum öryggistengdum upplýsingum, sem hefur verið safnað skv. 1. mgr. þessarar greinar og sem geta falið í sér raunverulega eða hugsanlega áhættu fyrir flugöryggi. Aðildarríkjunum er heimilt að krefjast þess að öll fyrirtæki eða stofnanir, sem hafa staðfestu á yfirráðasvæði þeirra, greini frá upplýsingum um öll atvik sem hefur verið safnað skv. 1. mgr. þessarar greinar.

7. Aðildarríkin, Flugöryggisstofnunin og fyrirtæki eða stofnanir geta komið á öðrum kerfum fyrir söfnun og vinnslu upplýsinga um öryggi í því skyni að safna upplýsingum um atvik sem tilkynningakerfin, sem um getur í 4. gr. og í 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar, fanga mögulega ekki. Þessi kerfi geta innihaldið tilkynningar til annarra eininga en þeirra sem tilgreindar eru í 3. mgr. 6. gr. og geta falið í sér virka þátttöku:

- a) flugiðnaðarins,
- b) fagfélaga fyrir flugmálastarfsfólk.

8. Upplýsingar, sem berast fyrir tilstuðlan valfrjálsra tilkynninga og skyldubundinna tilkynninga, má færa í sama kerfið.

6. gr.

Söfnun og geymsla upplýsinga

1. Hvert fyrirtæki eða stofnun, sem hefur staðfestu í aðildarríki, skal tilnefna einn eða fleiri einstaklinga til að vinna sjálfstætt að því að safna, meta, vinna út, greina og geyma upplýsingar um atvik sem tilkynnt eru skv. 4. og 5. gr.

Í því skyni að stuðla að „sanngirnismenningu“ skulu tilkynningar meðhöndlaðar þannig að komið verði í veg fyrir að þær verði notaðar í öðrum tilgangi en að viðhalda öryggi og að nafnleynd tilkynnanda og þeirra einstaklinga sem tilgreindir eru í tilkynningum um atvik verði tryggt með viðeigandi hætti.

2. Lögbær yfirvöld geta, samkvæmt samkomulagi við lítil fyrirtæki eða stofnanir, komið á einfaldara fyrirkomulagi til að safna, meta, vinna út, greina og geyma upplýsingar um atvik. Þau mega deila þessum verkefnum með öðrum fyrirtækjum eða stofnunum af svipuðum toga á sama tíma og þau virða reglurnar um trúnaðarkvöð og vernd samkvæmt þessari reglugerð.

3. Hvert aðildarríki skal tilnefna eitt eða fleiri lögbær yfirvöld til að koma á fyrirkomulagi til að vinna sjálfstætt að því að safna, meta, vinna út, greina og geyma upplýsingar um atvikin sem eru tilkynnt skv. 4. og 5. gr.

Í því skyni að stuðla að „sanngirnismenningu“ skulu tilkynningar meðhöndlaðar þannig að komið verði í veg fyrir að þær verði notaðar í öðrum tilgangi en að viðhalda öryggi og að nafnleynd tilkynnanda og þeirra einstaklinga sem tilgreindir eru í tilkynningum um atvik verði tryggt með viðeigandi hætti.

Þau yfirvöld sem heimilt er að tilnefna, samkvæmt fyrstu undirgrein, annaðhvort saman eða sitt í hvoru lagi, eru sem hér segir:

- a) landsbundin flugmálayfirvöld á sviði almenningssflugs og/eða
- b) yfirvald öryggisrannsókna og/eða
- c) alla aðra sjálfstæða aðila eða einingar sem staðsettar eru í Sambandinu og sem er falið þetta verk.

Ef aðildarríki tilnefnir einn eða fleiri aðila eða einingar skal það tilnefna eina af þeim sem tengilið í tengslum við yfirfærslu upplýsinganna sem um getur í 2. mgr. 8. gr.

4. Flugöryggisstofnunin skal tilnefna einn eða fleiri einstaklinga til að koma á fyrirkomulagi til að vinna sjálfstætt að því að safna, meta, vinna út, greina og geyma upplýsingar um atvikin sem tilkynnt eru í samræmi við 4. og 5. gr.

Í því skyni að stuðla að „sanngirnismenningu“ skulu tilkynningar meðhöndlaðar þannig að komið verði í veg fyrir að þær verði notaðar í öðrum tilgangi en að viðhalda öryggi og að nafnleynd tilkynnanda og þeirra einstaklinga sem tilgreindir eru í tilkynningum um atvik verði tryggt með viðeigandi hætti.

5. Fyrirtæki eða stofnanir skulu geyma tilkynningar um atvik, sem samdar eru á grundvelli upplýsinga um atvik, sem er safnað í samræmi við 4. og 5. gr., í einn eða fleiri gagnagrunna.

6. Lögbæru yfirvöldin, sem um getur í 3. mgr., skulu geyma tilkynningar um atvik, sem samdar eru á grundvelli upplýsinga um atvik, sem er safnað í samræmi við 4. og 5. gr., í landsbundinn gagnagrunn.

7. Viðeigandi upplýsingar um slys og alvarleg flugatvik, sem yfirvöld öryggisrannsókna safna eða gefa út, skulu einnig geymdar í landsbundna gagnagrunninum.

8. Flugöryggisstofnunin skal geyma tilkynningar um atvik, sem samdar eru á grundvelli upplýsinga um atvik, sem er safnað í samræmi við 4. og 5. gr., í gagnagrunni.

9. Yfirvöld öryggisrannsókna í aðildarríkjunum skulu hafa fullan aðgang að gagnagrunni sínum, sem um getur í 6. mgr., í þeim tilgangi að sinna skuldbindingum sínum skv. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 996/2010.

10. Flugmálayfirvöld á sviði almenningssflugs í aðildarríkjunum skulu hafa fullan aðgang að gagnagrunni sínum, sem um getur í 6. mgr., í þeim tilgangi að sinna öryggistengdum skyldum sínum.

7. gr.

Gæði og innihald tilkynninga um atvik

1. Tilkynningarnar um atvik, sem um getur í 6. gr., skulu innihalda a.m.k. upplýsingarnar sem tilgreindar eru í I. viðauka.
2. Tilkynningarnar um atvik, sem um getur í 5., 6. og 8. mgr. 6. gr., skulu innihalda öryggisáhættuflokkun fyrir viðkomandi atvik. Sú flokkun skal endurskoðuð og henni breytt, ef nauðsyn krefur, og skal lögbært yfirvald aðildarríkisins eða Flugöryggisstofnunin samþykkja hana í samræmi við sameiginlega evrópska áhættuflokkunarkerfið sem um getur í 5. mgr. þessarar greinar.
3. Fyrirtæki eða stofnanir, aðildarríki og Flugöryggisstofnunin skulu innleiða ferli um eftirlit með gæðum gagna til að bæta gagnasamræmi, einkum milli upplýsinganna, sem upphaflega var safnað, og tilkynningarinnar sem geymd er í gagnagrunninum.
4. Gagnagrunnarnir, sem um getur í 5., 6. og 8. mgr. 6. gr., skulu nota snið sem:
 - a) er staðlað til að auðvelda upplýsingaskipti og
 - b) samrýmist ECCAIRS-hugbúnaðinum og ADREP-flokkunarfræðinni.
5. Framkvæmdastjórnin skal þróa sameiginlegt evrópskt áhættuflokkunarkerfi, í nánú samstarfi við aðildarríkin og Flugöryggisstofnunina fyrir tilstuðlan hóps greinenda á sviði flugöryggismála, til að gera fyrirtækjum eða stofnunum, aðildarríkjum og Flugöryggisstofnuninni kleift að flokka atvik með tilliti til öryggisáhættunnar. Í tengslum við þá þróun skal framkvæmdastjórnin taka tillit til þeirrar nauðsynjar að það samrýmist fyrirbyggjandi áhættuflokkunarkerfum.

Framkvæmdastjórnin skal þróa þetta kerfi eigi síðar en 15. maí 2017.

6. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 18. gr. til að skilgreina sameiginlega evrópska áhættuflokkunarkerfið.
7. Framkvæmdastjórnin skal, með hjálp framkvæmdargerða, samþykkja tilhögun við framkvæmd sameiginlega evrópska áhættuflokkunarkerfisins. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 19. gr.
8. Framkvæmdastjórnin og Flugöryggisstofnunin skulu veita lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna stuðning í því verkefni þeirra að samþætta gögn, t.d. með því að:
 - a) samþætta lágmarksupplýsingarnar sem um getur í 1. mgr.,
 - b) flokka atvikin á grundvelli áhættunnar, eins og um getur í 2. mgr., og
 - c) innleiða ferli fyrir eftirlit með gæðum gagnanna sem um getur í 3. mgr.

Framkvæmdastjórnin og Flugöryggisstofnunin skulu veita þennan stuðning með þeim hætti að hann stuðli að samræmingu ferlisins við gagnaskráningu í öllum aðildarríkjunum, einkum með því að veita starfsfólkinu, sem vinnur hjá aðilunum eða einingunum, sem um getur í 1., 3. og 4. mgr. 6. gr., eftirfarandi:

- a) leiðbeinandi efni,
- b) námskeið og
- c) viðeigandi þjálfun.

8. gr.

Miðlægt, evrópskt gagnasafn

1. Framkvæmdastjórnin skal stjórna miðlægu, evrópsku gagnasafni til að geyma allar tilkynningar um atvik sem safnað hefur verið í Sambandinu.
2. Hvert aðildarríki skal, í samráði við framkvæmdastjórnina, uppfæra miðlæga, evrópska gagnasafnið með því að flytja í það allar upplýsingar um öryggi, sem geymdar eru í landsbundnu gagnagrunnunum sem um getur í 6. mgr. 6. gr.

3. Flugöryggisstofnunin skal ákveða í samstarfi við framkvæmdastjórnina tæknilegu aðferðarlýsingarnar við flutning allra tilkynninga um atvik í miðlæga, evrópska gagnasafnið, sem Flugöryggisstofnunin hefur safnað samkvæmt reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar, einkum atvik, sem geymd eru í innra tilkynningakerfi um atvik (e. *Internal Occurrence Reporting System*), sem og upplýsingar sem hefur verið safnað skv. 9. mgr. 4. gr. og 5. mgr. 5. gr.

4. Framkvæmdastjórnin skal, með hjálp framkvæmdargerða, samþykkja fyrirkomulag við stjórnun miðlæga, evrópska gagnasafnsins eins og um getur í 1. og 2. mgr. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 19. gr.

9. gr.

Upplýsingaskipti

1. Aðildarríkin og Flugöryggisstofnunin skulu taka þátt í upplýsingaskiptum með því að gera allar upplýsingar um öryggi, sem geymdar eru í viðeigandi gagnagrunnum fyrir tilkynningar, tiltækar lögbærum yfirvöldum hinna aðildarríkjanna, Flugöryggisstofnuninni og framkvæmdastjórninni fyrir tilstuðlan miðlæga, evrópska gagnasafnsins.

Flytja skal tilkynningar um atvik í miðlæga, evrópska gagnasafnið eigi síðar en 30 dögum eftir að þær hafa verið færðar í landsbundnu gagnagrunnana.

Tilkynningar um atvik skulu uppfærðar þegar nauðsyn krefur með viðbótarupplýsingum um öryggi.

2. Aðildarríki skulu einnig flytja upplýsingar um slys og alvarleg flugatvik í miðlæga, evrópska gagnasafnið á eftirfarandi hátt:

- a) meðan á rannsókn stendur: bráðabirgðaupplýsingar um staðreyndir slysa og alvarlegra flugatvika,
- b) þegar rannsókn er lokið:
 - i. lokaskýrslu rannsóknarinnar og
 - ii. enska samantekt á lokaskýrslu rannsóknarinnar, ef hún liggur fyrir.

3. Aðildarríki eða Flugöryggisstofnunin skal áframsenda, eins fljótt og auðið er, allar viðeigandi, öryggistengdar upplýsingar til viðkomandi yfirvalda aðildarríkis eða Flugöryggisstofnunarinnar ef hún, í tengslum við söfnun upplýsinga um atvik eða geymslu tilkynninga um atvik eða framkvæmd greiningar, í samræmi við 6. mgr. 13. gr., auðkennir öryggismál sem talin eru annaðhvort:

- a) snerta hagsmuni hinna aðildarríkjanna eða Flugöryggisstofnunarinnar eða
- b) krefjast þess mögulega að hin aðildarríkin eða Flugöryggisstofnunin gripi til öryggisaðgerða.

10. gr.

Miðlun upplýsinga sem geymdar eru í miðlæga, evrópska gagnasafninu

1. Hver eining, sem falið er að setja reglur um öryggi í almenningssflugi, eða hvert yfirvald öryggisrannsókna innan Sambandsins skal hafa fullan og öruggan netaðgang að upplýsingum um atvik sem finna má í miðlæga, evrópska gagnasafninu.

Upplýsingarnar skulu notaðar í samræmi við 15. og 16. gr.

2. Hagsmunaaðilar, sem tilgreindir eru í II. viðauka, geta farið fram á aðgang að tilteknum upplýsingum sem finna má í miðlæga, evrópska gagnasafninu.

Hagsmunaaðilar, sem hafa staðfestu í Sambandinu, skulu senda beiðnir sínar um upplýsingar til tengiliðar aðildarríkisins þar sem þeir hafa staðfestu.

Hagsmunaaðilar, sem hafa staðfestu utan Sambandsins, skulu senda beiðnir sínar til framkvæmdastjórnarinnar.

Framkvæmdastjórnin skal upplýsa lögbær yfirvöld hlutaðeigandi aðildarríkis um það þegar beiðni er lögð fram samkvæmt þessari málsgrein.

3. Með fyrirvara um 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 996/2010 skulu hagsmunaaðilar, samkvæmt þessari grein, ekki fá aðgang að upplýsingunum, sem finna má í miðlæga, evrópska gagnasafninu, varðandi yfirstandandi öryggisránsóknir sem framkvæmdar eru í samræmi við framangreinda reglugerð.

4. Af verndarástæðum skulu hagsmunaaðilar ekki fá beinan aðgang að miðlæga, evrópska gagnasafninu.

11. gr.

Vinnsla beiðna og ákvarðana

1. Beiðnir um upplýsingar, sem er að finna í miðlæga, evrópska gagnasafninu, skulu lagðar fram á eyðublöðum sem tengiliðurinn hefur samþykkt. Á þessum eyðublöðum skulu koma fram a.m.k. þau atriði sem sett eru fram í III. viðauka.

2. Tengiliður, sem tekur á móti beiðni, skal staðfesta:

a) að hagsmunaaðili hafi lagt fram beiðnina,

b) að hann sé fær um að annast þessa beiðni.

Ef tengiliður ákvarðar að annað aðildarríki eða framkvæmdastjórnin sé til þess bær að annast beiðnina skal hann senda hana til hlutaðeigandi aðildarríkis eða framkvæmdastjórnarinnar, eins og við á.

3. Tengiliður, sem tekur á móti beiðni, skal leggja mat á hverja beiðni fyrir sig og ákvarða hvort hún sé réttlæt看leg og framkvæmanleg.

Tengiliður getur veitt hagsmunaaðilum upplýsingar á pappír eða með því að nota öruggar, rafrænar samskiptaáðferðir.

4. Ef beiðnin hefur verið samþykkt skal tengiliðurinn ákvarða hversu miklar upplýsingar skuli veita og hversu ítarlegar þær eigi að vera. Upplýsingarnar skulu takmarkaðar við það sem telst algerlega nauðsynlegt að því er varðar tilgang beiðninnar, sbr. þó 15. og 16. gr.

Upplýsingar, sem tengjast ekki eigin búnaði, rekstri eða athafnasviði hagsmunaaðila, skulu aðeins veittar á formi samantektar eða á nafnlausu formi. Veita má hagsmunaaðilum upplýsingar, sem eru ekki á formi samantektar, ef hann leggur fram ítarlegan, skriflegan rökstuðning. Þessar upplýsingar skulu notaðar í samræmi við 15. og 16. gr.

5. Tengiliðurinn skal einungis láta hagsmunaaðilinum, sem eru tilgreindir í b-lið í II. viðauka, í té upplýsingar sem tengjast eigin búnaði, rekstri eða athafnasviði hagsmunaaðilanna.

6. Þegar tengiliður tekur á móti beiðni frá hagsmunaaðilanum, sem er tilgreindur í a-lið í II. viðauka, getur hann tekið almenna ákvörðun um að veita þessum tengilið upplýsingar með reglulegu millibili, að því tilskildu:

a) að upplýsingarnar, sem óskað er eftir, snerti eigin búnað, rekstur eða athafnasvið hagsmunaaðilans,

b) að almenna ákvörðunin veiti ekki aðgang að innihaldi gagnasafnsins í heild,

c) að almenna ákvörðunin varði einungis nafnlausar upplýsingar.

7. Hagsmunaaðilinn skal nota upplýsingarnar, sem hann fær samkvæmt þessari grein, sbr. þó eftirfarandi skilyrði:

a) hagsmunaaðilinn skal einungis nota upplýsingarnar í þeim tilgangi sem tilgreindur er á eyðublaðinu fyrir beiðni, sem ætti að samrýmast markmiði þessarar reglugerðar, eins og greint er frá í 1. gr., og

b) hagsmunaaðilinn skal ekki birta upplýsingarnar, sem hann móttækur, án þess að hafa skriflegt leyfi frá upplýsingaveitanda og skal hann gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja viðeigandi leynd upplýsinganna sem tekið er við.

8. Ákvörðun um að miðla upplýsingum, samkvæmt þessari grein, skal takmarkast við það sem telst algerlega nauðsynlegt fyrir notendur þeirra.

*12. gr.***Skráning beiðna og upplýsingaskipti**

1. Tengiliður skal skrá hverja beiðni sem móttækin er og þær aðgerðir sem gripið var til í tengslum við þá beiðni.

Senda skal þessar upplýsingar tímanlega til framkvæmdastjórnarinnar í hvert sinn sem beiðni er móttækin og/eða gripið er til aðgerða.

2. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að allir tengiliðir fái aðgang að uppfærðu skránni yfir móttæknar beiðnir og aðgerðir sem hinir ýmsu tengiliðir og framkvæmdastjórnin sjálf grípa til.

*13. gr.***Greining á atvikum og eftirfylgni á landsvísu**

1. Hvert fyrirtæki eða stofnun, sem hefur staðfestu í aðildarríki, skal þróa ferli til að greina atvik, sem hefur verið safnað í samræmi við 2. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 5. gr., í því skyni að auðkenna öryggishættur sem tengjast atvikum, sem hafa verið auðkennd, eða hópum atvika.

Á grundvelli þessarar greiningar skal hvert fyrirtæki eða stofnun ákvarða viðeigandi aðgerðir til úrbóta eða fyrirbyggjandi aðgerðir, sem þörf er á, til að bæta flugöryggi.

2. Þegar fyrirtæki eða stofnun með staðfestu í aðildarríki auðkennir, í kjölfar greiningarinnar, sem um getur í 1. mgr., viðeigandi aðgerð til úrbóta eða fyrirbyggjandi aðgerð, sem þörf er á til að ráða bót á raunverulegum eða hugsanlegum annmörkum í flugöryggismálum, skal það:

- a) hrinda þeirri aðgerð tímanlega í framkvæmd og
- b) ákvarða ferli til að vakta framkvæmd og skilvirkni aðgerðarinnar.

3. Hvert fyrirtæki eða stofnun með staðfestu í aðildarríki skal reglulega veita launafólki sínu og samningsbundnu starfsfólki upplýsingar um greiningu atvika og eftirfylgni með þeim í þeim tilvikum þar sem gripið var til aðgerða til úrbóta eða fyrirbyggjandi aðgerða.

4. Þegar fyrirtæki eða stofnun með staðfestu í aðildarríki, sem fellur ekki undir 5. mgr., auðkennir raunverulega eða hugsanlega áhættu í tengslum við flugöryggi, í kjölfar greiningar sinnar á atviki eða hópi atvika, sem tilkynnt var um skv. 8. mgr. 4. gr. og 6. mgr. 5. gr., skal fyrirtækið eða stofnunin senda lögbæru yfirvaldi í því aðildarríki eftirfarandi, innan 30 daga frá þeim degi sem tilkynnandinn tilkynnti um atvikið:

- a) bráðabirgðaniðurstöður greiningarinnar, sem fór fram skv. 1. mgr., ef við á, og
- b) hugsanlegar aðgerðir sem grípa á til skv. 2. mgr.

Fyrirtækið eða stofnunin skal tilkynna lokaniðurstöður greiningarinnar, þar sem þörf er á, um leið og þær liggja fyrir og að jafnaði eigi síðar en þremur mánuðum frá þeim degi sem tilkynnt var um atvikið.

Lögbært yfirvald aðildarríkis getur óskað eftir því að fyrirtæki eða stofnanir sendi því bráðabirgða- eða lokaniðurstöður greiningar á hverju því atviki sem það hefur fengið tilkynningu um en þar sem það hefur ekki fengið neinar upplýsingar um eftirfylgni atviks eða einungis fengið bráðabirgðaniðurstöður um það.

5. Þegar fyrirtæki eða stofnun með staðfestu í aðildarríki, sem Flugöryggisstofnun hefur vottað eða samþykkt, auðkennir raunverulega eða hugsanlega áhættu í tengslum við flugöryggi í kjölfar greiningar sinnar á atviki eða hópi atvika, sem tilkynnt var um skv. 9. mgr. 4. gr. og 5. mgr. 5. gr., skal fyrirtækið eða stofnunin senda Flugöryggisstofnuninni eftirfarandi, innan 30 daga frá þeim degi sem tilkynnandinn tilkynnti um atvikið:

- a) bráðabirgðaniðurstöður greiningarinnar sem fór fram skv. 1. mgr., ef við á, og
- b) hugsanlegar aðgerðir sem grípa á til skv. 2. mgr.

Fyrirtækið eða stofnunin, sem Flugöryggisstofnunin hefur vottar eða samþykkt, skal senda lokaniðurstöður greiningarinnar, þar sem þörf er á, um leið og þær liggja fyrir og að jafnaði eigi síðar en þremur mánuðum frá þeim degi sem tilkynnt var um atvikið.

Flugöryggisstofnunin getur óskað eftir því að fyrirtæki eða stofnanir sendi bráðabirgða- eða lokaniðurstöður greiningar á hverju því atviki sem þær hafa fengið tilkynningu um en í tengslum við það þegar þær hafa ekki fengið neinar upplýsingar um eftirfylgni um atvikið eða einungis fengið bráðabirgðaniðurstöður um það.

6. Hvert aðildarríki og Flugöryggisstofnunin skal þróa ferli til að greina upplýsingarnar, sem tengjast atvikum sem þeim hefur verið tilkynnt beint um, í samræmi við 6. mgr. 4. gr. og 2. og 3. mgr. 5. gr. í því skyni að auðkenna öryggishætturarnar sem tengjast þessum atvikum. Á grundvelli þessarar greiningar skulu þau ákvarða viðeigandi aðgerðir til úrbóta eða fyrirbyggjandi aðgerðir, sem þörf er á, til að bæta flugöryggi.

7. Þegar aðildarríki eða Flugöryggisstofnunin auðkennir, í kjölfar greiningarinnar sem um getur í 6. mgr., viðeigandi aðgerð til úrbóta eða fyrirbyggjandi aðgerð, sem þörf er á til að ráða bót á raunverulegum eða hugsanlegum annmörkum í flugöryggismálum, skal hún:

- a) hrinda þeirri aðgerð tímanlega í framkvæmd og
- b) ákvarða ferli til að vakta framkvæmd og skilvirkni aðgerðarinnar.

8. Að því er varðar hvert atvik eða hóp atvika, sem er vaktaður í samræmi við 4. eða 5. mgr., skal hvert aðildarríki og Flugöryggisstofnunin hafa aðgang að greiningunni, sem var gerð, og vakta með viðeigandi hætti þær aðgerðir sem fyrirtæki eða stofnanir, sem þær bera hver um sig ábyrgð á, grípa til.

Ef aðildarríki eða Flugöryggisstofnunin kemst að þeirri niðurstöðu að framkvæmd eða skilvirkni tilkynntu aðgerðanna dugi ekki til að ráða bót á raunverulegum eða hugsanlegum annmörkum í öryggismálum skal hún sjá til þess að viðeigandi fyrirtæki eða stofnun grípi til viðeigandi viðbótaraðgerðar og komi henni í framkvæmd.

9. Skrá skal tímanlega upplýsingar, ef þær liggja fyrir, sem tengjast greiningu á og eftirfylgni með stökum atvikum eða hópum atvika, sem aflað er samkvæmt þessari grein, í miðlæga, evrópska gagnasafnið, í samræmi við 2. og 3. mgr. 8. gr., og eigi síðar en tveimur mánuðum eftir skráningu þeirra í landsbundinn gagnagrunn.

10. Aðildarríki skulu nota upplýsingar úr greiningu á tilkynningum atvika til að ákvarða hvaða aðgerðir til úrbóta eigi að grípa til, ef einhverjar eru, innan ramma flugöryggisáætlunar sinnar.

11. Til að upplýsa almenning um öryggisstig í almenningsflugi skal hvert aðildarríki gefa út öryggisskýrslu a.m.k. einu sinni á ári. Öryggisskýrslan skal innihalda:

- a) upplýsingar í samanteknu og nafnlausu formi um tegund atvika og aðrar öryggistengdar upplýsingar sem eru tilkynntar með því að nota landsbundin kerfi fyrir skyldubundnar tilkynningar og valfrjálssar tilkynningar,
- b) upplýsingar um leitni,
- c) upplýsingar um þær aðgerðir sem hlutaðeigandi ríki hefur gripið til.

12. Aðildarríki geta einnig birt nafnlausar tilkynningar um atvik og niðurstöður úr áhættugreiningu.

14. gr.

Greining atvika og eftirfylgni með þeim á vettvangi Sambandsins

1. Framkvæmdastjórnin, Flugöryggisstofnunin og lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu reglulega hafa samstarf um að skiptast á og greina upplýsingar sem geymdar eru í miðlæga, evrópska gagnasafninu.

Með fyrirvara um kröfurnar um trúnaðarkvöð, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, má bjóða áheymarfulltrúum þátttöku á grundvelli hvers tilviks fyrir sig, eftir því sem við á.

2. Framkvæmdastjórnin, Flugöryggisstofnunin og lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum skulu vinna saman fyrir tilstuðlan hóps greinenda á sviði flugöryggismála.

Hópur greinenda á sviði flugöryggismála skal stuðla að úrbótum á sviði flugöryggismála innan Sambandsins, einkum með því að framkvæma öryggisgreiningu til að styðja við flugöryggisáætlun Evrópu og aðgerðaáætlun um flugöryggi í Evrópu.

3. Flugöryggisstofnunin skal styðja við starfsemi hóps greinenda á sviði flugöryggismála, t.d. með því að veita honum aðstoð við að undirbúa og skipuleggja fundi hópsins.

4. Flugöryggisstofnunin skal færa upplýsingar um niðurstöður greininga á upplýsingunum, sem um getur í 1. mgr., í árlegu öryggisskýrsluna sem um getur í 4. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

15. gr.

Upplýsingaleynd og viðeigandi notkun upplýsinga

1. Í samræmi við lög sín skulu aðildarríkin og fyrirtæki eða stofnanir gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja viðeigandi leynd varðandi upplýsingar um atvik, sem berast þeim skv. 4., 5. og 10. gr., og skal Flugöryggisstofnunin gera slíkt hið sama.

Hvert aðildarríki, fyrirtæki eða stofnun með staðfestu í aðildarríki eða Flugöryggisstofnunin skulu einungis vinna úr persónuupplýsingum, eftir því sem þurfa þykir, að því er þessa reglugerð varðar, án þess að það hafi áhrif á landsbundnar réttargerðir til framkvæmdar tilskipun 95/46/EB.

2. Upplýsingar, sem fengist hafa úr tilkynningum um atvik, skulu aðeins notaðar í þeim tilgangi sem þeim var safnað fyrir, sbr. þó ákvæðin um verndun öryggisupplýsinganna í 12., 14. og 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 996/2010.

Aðildarríkin, Flugöryggisstofnunin og fyrirtæki eða stofnanir skulu hvorki veita aðgang að upplýsingum um atvik né nota þær:

a) í því skyni að ákvarða hver beri sök eða ábyrgð eða

b) í einhverjum öðrum tilgangi en þeim að viðhalda flugöryggi eða gera úrbætur á því.

3. Þegar framkvæmdastjórnin, Flugöryggisstofnunin og lögbær yfirvöld aðildarríkjanna sinna skyldum sínum, skv. 14. gr., að því er varðar upplýsingarnar sem geymdar eru í miðlæga, evrópska gagnasafninu skulu þau:

a) tryggja upplýsingaleynd og

b) takmarka notkun upplýsinganna við það sem er algjörlega nauðsynlegt til að sinna öryggistengdum skyldum sínum án þess að ákveða hver beri sök eða ábyrgð og skulu upplýsingarnar, í þessu tilliti, einkum notaðar í tengslum við áhættustjórnun og greiningu á leitni öryggis sem gætu leitt til öryggistilmæla eða -aðgerða og þar með ráðið bót á raunverulegum eða hugsanlegum annmörkum í öryggismálum.

4. Aðildarríki skulu tryggja að lögbær yfirvöld þeirra, sem um getur í 3. mgr. 6. gr., og lögbær yfirvöld þeirra, sem fara með réttarvörslu, starfi saman á grundvelli fyrirframákveðins stjórnunarfyrikomulags. Þetta fyrirframákveðna stjórnunarfyrikomulag skal stuðla að því að tryggja rétt jafnvægi á milli þarfarinnar á tilhlýðilegri réttarvörslu og nauðsynjar þess að öryggisupplýsingar séu ávallt tiltækar.

16. gr.

Vernd heimildarmanna

1. Að því er þessa grein varðar tekur hugtakið „persónuupplýsingar“ einkum til nafna eða heimilisfanga einstaklinga.

2. Hvert fyrirtæki eða stofnun með staðfestu í aðildarríki skal tryggja að allar persónuupplýsingar séu aðeins aðgengilegar starfsfólki fyrirtækisins eða stofnunarinnar, að undanskildu því starfsfólki sem tilnefnt er í samræmi við 1. mgr. 6. gr., þegar bráðnauðsynlegt er að rannsaka atvik í því skyni að auka flugöryggi.

Dreifa skal órekjanlegum upplýsingum innan fyrirtækisins eða stofnunarinnar, eins og við á.

3. Hvert aðildarríki skal tryggja að persónuupplýsingar séu aldrei skráðar í landsbundna gagnagrunninn sem um getur í 6. mgr. 6. gr. Gera skal slíkar órekjanlegar upplýsingar aðgengilegar öllum hlutaðeigandi aðilum, t.d. til að gera þeim kleift að sinna skyldum sínum í tengslum við úrbætur á sviði flugöryggis.

4. Hvert aðildarríki skal tryggja að persónuupplýsingar séu aldrei skráðar í gagnagrunn Flugöryggisstofnunarinnar sem um getur í 8. mgr. 6. gr. Gera skal slíkar órekjanlegar upplýsingar aðgengilegar öllum hlutaðeigandi aðilum, t.d. til að gera þeim kleift að sinna skyldum sínum í tengslum við úrbætur á sviði flugöryggis.

5. Ekki skal hindra aðildarríkin og Flugöryggisstofnunina í því að grípa til aðgerða sem eru nauðsynlegar til að viðhalda flugöryggi eða gera úrbætur á því.

6. Án þess að það hafi áhrif á gildandi landsbundinn refsirétt skulu aðildarríkin láta vera að höfða dómsmál, að því er varðar brot á lögum af óyfirlögðu ráði eða fyrir slysi, en þessi mál koma aðeins til kasta aðildarríkjanna ef þau hafa verið tilkynnt skv. 4. og 5. gr.

Fyrsta undirgreinin gildir ekki í tilvikunum sem um getur í 10. mgr. Aðildarríkin geta viðhaldið eða samþykkt ráðstafanir til að efla vernd tilkynnenda eða einstaklinga sem tilgreindir eru í tilkynningum um atvik. Aðildarríki geta m.a. beitt þessari reglu án undantekninganna sem um getur í 10. mgr.

7. Ef agamál eða stjórnsýslumál eru höfðuð samkvæmt landslögum skal ekki nota upplýsingar úr tilkynningum um atvik gegn:

- a) tilkynnendum eða
- b) einstaklingum sem tilgreindir eru í tilkynningum um atvik.

Fyrsta undirgreinin gildir ekki í tilvikunum sem um getur í 10. mgr.

Aðildarríkin geta viðhaldið eða samþykkt ráðstafanir til að efla vernd tilkynnenda eða einstaklinga sem tilgreindir eru í tilkynningum um atvik. Aðildarríki geta einkum rýmkað þessa vernd þannig að hún nái til einkamála eða refsímála.

8. Aðildarríki geta samþykkt eða haldið í gildi lagaákvæðum, sem tryggja öflugri vernd fyrir tilkynnendum eða einstaklinga, sem tilgreindir eru í tilkynningum um atvik, en þau ákvæði sem ákvörðuð eru í þessari reglugerð.

9. Vinnuveitendur eða fyrirtæki eða stofnanir, sem njóta þjónustunnar, skulu ekki láta launafólk og samningsbundið starfsfólk, sem tilkynna atvik eða sem tilgreind eru í tilkynningum um atvik, sem safnað hefur verið í samræmi við 4. og 5. gr., sæta neinum viðlögum á grundvelli upplýsinganna sem tilkynnandinn veitir.

10. Verndin, skv. 6., 7. og 9. mgr. þessarar greinar, gildir ekki um neinar eftirfarandi aðstæður:

- a) ef um er að ræða vísitandi misgerð,
- b) ef um er að ræða greinilega, grófa og alvarlega vanrækslu í tengslum við augljósa áhættu og algera vanrækslu varðandi þá faglegu ábyrgð að grípa ekki til aðgerða sem augljóslega er þörf á við aðstæður sem veldur einstaklingum eða eignum fyrirsjáanlegum skaða eða stofnar flugöryggi í alvarlega hættu.

11. Hvert fyrirtæki eða stofnun með staðfestu í aðildarríki skal, eftir að hafa ráðfært sig við fulltrúa starfsmanna, samþykkja innri reglur, sem lýsa hvernig fyrirtækið eða stofnunin muni tryggja meginreglurnar um sanngirnismenningu innan fyrirtækisins eða stofnunarinnar, einkum meginregluna, sem um getur í 9. mgr., og hvernig þeim verður hrint í framkvæmd innan þeirra.

Áður en þessum innri reglum verður hrint í framkvæmd getur sá aðili sem tilnefndur er skv. 12. mgr. óskað eftir því að fara yfir innri reglur fyrirtækjanna eða stofnananna sem hafa staðfestu í aðildarríki hans.

12. Hvert aðildarríki skal tilnefna aðila sem ber ábyrgð á framkvæmd 6., 9. og 11. mgr.

Launafólk og samningsbundið starfsfólk getur tilkynnt þessum aðila um meint brot á reglunum sem settar eru með þessari grein. Ekki skal refsja launafólki og samningsbundnum starfsmönnum fyrir að tilkynna meint brot. Launafólk og samningsbundið starfsfólk má upplýsa framkvæmdastjórnina um slík meint brot.

Tilnefndur aðili skal, eftir því sem við á, veita viðeigandi yfirlögum í aðildarríki sínu ráðgjöf um úrræði eða viðurlög við beitingu 21. gr.

13. Hinn 15. maí 2019 og á fimm ára fresti þar á eftir skal hvert aðildarríki senda framkvæmdastjórninni skýrslu um beitingu þessarar greinar, einkum um starfsemi aðilans sem tilnefndur er skv. 12. gr. Skýrslan skal ekki innihalda neinar persónuupplýsingar.

17. gr.

Uppfærsla viðaukanna

Framkvæmdastjórninni skal falið vald til þess að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 18. gr., til að:

- a) uppfæra skrána yfir lögboðna gagnareiti í tilkynningum um atvik, sem mælt er fyrir um í I. viðauka, ef reynslan, sem fæst af beitingu þessarar reglugerðar, sýnir að þörf sé á breytingum í því skyni að bæta flugöryggi,
- b) uppfæra eyðublaðið í III. viðauka varðandi beiðni um upplýsingar úr miðlæga, evrópska gagnasafninu til að taka tillit til fenginnar reynslu og nýrrar þróunar,
- c) samræma viðaukana við ECCAIRS-hugbúnaðinn og ADREP-flokkunarfræðina sem og við réttargerðirnar, sem Sambandið hefur samþykkt, og við alþjóðasamninga.

Í því skyni að uppfæra skrána yfir lögboðna gagnareiti skal Flugöryggisstofnunin og hópur greinenda á sviði flugöryggismála, sem um getur í 2. mgr. 14. gr., láta framkvæmdastjórninni í té viðeigandi álitsgerð eða álitsgerðir.

18. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sbr. þó skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.
2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldu gerðirnar, sem um getur í 6. mgr. 7. gr. og 17. gr., á fimm ára tímabili frá gildistöku þessarar reglugerðar. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu, að því er varðar framsal valds, eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Framsal valds skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.
3. Evrópuþinginu eða ráðinu er, hvenær sem er, heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 6. mgr. 7. gr. og 17. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endi á framsal valdsins sem tilgreint er í ákvörðuninni. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.
4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.
5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 6. mgr. 7. gr. og 17. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

19. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar sem komið var á fót með 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008. Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.
2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011. Skili nefndin ekki álit skal framkvæmdastjórnin ekki samþykkja drögin að framkvæmdargerðinni og þriðja undirgrein 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 skal gilda.

20. gr.

Aðgangur að gögnum og vernd persónuupplýsinga

1. Þessi reglugerð gildir með fyrirvara um reglugerð (EB) nr. 1049/2001, að undanskildum 10. og 11. gr., þar sem settar eru strangari reglur um aðgang að gögnum og upplýsingum í miðlæga, evrópska gagnasafninu.
2. Þessi reglugerð gildir með fyrirvara um landsbundnar réttargerðir til framkvæmdar tilskipun 95/46/EB og í samræmi við reglugerð (EB) nr. 45/2001.

21. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum á ákvæðum þessarar reglugerðar. Viðurlögin, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa letjandi áhrif. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi ákvæði og allar síðari breytingar sem hafa áhrif á þau.

22. gr.

Breyting á reglugerð (ESB) nr. 996/2010

Í reglugerð (ESB) nr. 996/2010 falli 19. gr. brott.

Sú grein heldur þó gildi sínu þangað til þessi reglugerð kemur til framkvæmda í samræmi við 3. mgr. 24. gr.

23. gr.

Niðurfelling

Tilskipun 2003/42/EB, reglugerð (EB) nr. 1321/2007 og reglugerð (EB) nr. 1330/2007 eru felldar úr gildi. Þær halda þó gildi sínu þangað til þessi reglugerð kemur til framkvæmda í samræmi við 3. mgr. 24. gr.

24. gr.

Gildistaka og beiting

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
2. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 16. nóvember 2020, birta og senda Evrópuþinginu og ráðinu matskýrslu um framkvæmd þessarar reglugerðar. Í þeirri skýrslu skal einkum koma fram að hvaða leyti reglugerðin stuðlar að því að fækka flugslysum og tilheyrandi banaslysum. Á grundvelli þessarar skýrslu skal framkvæmdastjórnin, ef við á, leggja fram tillögur að breytingum á þessari reglugerð.
3. Þessi reglugerð skal gilda frá 15. nóvember 2015 og ekki áður en framkvæmdarráðstafanirnar, sem um getur í 5. mgr. 4. gr., öðlast gildi. Ákvæði 2. mgr. 7. gr. skulu koma til framkvæmda um leið og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir, þar sem tilgreint er og þróað sameiginlega evrópska áhættuflokkunarkerfið, sem um getur í 6. og 7. mgr. 7. gr., öðlast gildi. Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. apríl 2014.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

M. SCHULZ

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

D. KOURKOULAS

forseti.

I. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR KRÖFUR SEM GILDA UM KERFI FYRIR SKYLDUBUNÐNAR TILKYNNINGAR UM ATVIK OG VALFRJÁLSAR TILKYNNINGAR UM ATVIK

Athugasemd: Gagnareitina verður að fylla út með umbeðnum upplýsingum. Ef lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum eða Flugöryggisstofnunin getur ekki veitt þessar upplýsingar sökum þess að fyrirtækið eða stofnunin eða tilkynnandinn hefur ekki látið þær í té er heimilt að skrifa „ekki vitað“ í gagnareitinn. Í því skyni að tryggja að viðeigandi upplýsingar séu sendar inn er þó rétt að forðast að nota gildið „ekki vitað“, eftir því sem unnt er, og fullgera ætti tilkynninguna síðar ef hægt er.

1. SAMEIGINLEGIR SKYLDUBUNÐNIR GAGNAREITIR

Þegar aðildarríkin og Flugöryggisstofnunin færa upplýsingar í viðkomandi gagnagrunna sína um hvert atvik, sem skylt er að tilkynna, og, eftir því sem unnt er, um hvert atvik, sem valfrjálst er að tilkynna, verða þau að tryggja að tilkynningar um atvik, sem skráðar eru í gagnagrunna þeirra, innihaldi a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

- 1) Fyrirsögn
 - Fyrirsögn
- 2) Upplýsingar um skráningu
 - Ábyrg eining
 - Skrásetningarnúmer
 - Staða atviks
- 3) Hvenær
 - Dagsetning miðað við alheimstíma
- 4) Hvar
 - Ríki/svæði þar sem atvikið átti sér stað
 - Staðsetning þar sem atvikið átti sér stað
- 5) Flokkun
 - Tegund atviks
 - Flokkur atviks
- 6) Greinargerð
 - Tungumál greinargerðar
 - Greinargerð
- 7) Atburðir
 - Tegund atburðar
- 8) Áhættuflokkun

2. SÉRTÆKIR SKYLDUBUNÐNIR GAGNAREITIR

2.1. **Gagnareitir um loftför**

Þegar aðildarríkin og Flugöryggisstofnunin færa upplýsingar í viðkomandi gagnagrunna sína um hvert atvik, sem skylt er að tilkynna, og, eftir því sem unnt er, um hvert atvik, sem valfrjálst er að tilkynna, verða þau að tryggja að tilkynningar um atvik, sem skráðar eru í gagnagrunna þeirra, innihaldi a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

- 1) Auðkenni loftfars
 - Skráningarríki
 - Tegund/gerð/röð

- Raðnúmer loftfars
- Einkennisstafir loftfars
- Kallmerki
- 2) Starfræksla loftfars
 - Flugrekandi
 - Tegund starfrækslu
- 3) Lýsing á loftfari
 - Gerð loftfars
 - Tegund knúningsafls
 - Þyngdarflokkur
- 4) Saga flugs
 - Síðasti brottfararstaður
 - Áætlaður ákvörðunarstaður
 - Stig flugs
- 5) Veðurskilyrði
 - Veðurskilyrði sem skipta máli

2.2. Gagnareitir um flugleiðsöguþjónustu

Þegar aðildarríkin og Flugöryggisstofnunin færa upplýsingar í viðkomandi gagnagrunna sína um hvert atvik, sem skylt er að tilkynna, og, eftir því sem unnt er, um hvert atvik, sem valfrjálst er að tilkynna, verða þau að tryggja að tilkynningar um atvik, sem skráðar eru í gagnagrunna þeirra, innihaldi a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

- 1) í tengslum við rekstrarstjórnun flugumferðar
 - vegna rekstrarstjórnunar flugumferðar
 - áhrif á þjónustu (áhrif á rekstrarstjórnun flugumferðar)
- 2) Heiti flugumferðarþjónustudeildar

2.2.1. Gagnareitir um brot á reglum um lágmarksaðskilnað/aðskilnaðarmissi og brot á reglum um loftrými

Þegar aðildarríkin og Flugöryggisstofnunin færa upplýsingar í viðkomandi gagnagrunna sína um hvert atvik, sem skylt er að tilkynna, og, eftir því sem unnt er, um hvert atvik, sem valfrjálst er að tilkynna, verða þau að tryggja að tilkynningar um atvik, sem skráðar eru í gagnagrunna þeirra, innihaldi a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

- 1) Loftrými
 - Tegund loftrýmis
 - Flokkur loftrýmis
 - Heiti flugupplýsingasvæðis (FIR)/efra flugupplýsingasvæðis (UIR)

2.3. Gagnareitir um flugvelli

Þegar aðildarríkin og Flugöryggisstofnunin færa upplýsingar í viðkomandi gagnagrunna sína um hvert atvik, sem skylt er að tilkynna, og, eftir því sem unnt er, um hvert atvik, sem valfrjálst er að tilkynna, verða þau að tryggja að tilkynningar um atvik, sem skráðar eru í gagnagrunna þeirra, innihaldi a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

- 1) Staðarauðkenni (auðkenni Alþjóðaflugmálastofnunarinnar fyrir flugvöll)
- 2) Staðsetning á flugvelli

2.4. Gagnareitir um skemmdir á loftfari eða áverka á fólki

Þegar aðildarríkin og Flugöryggisstofnunin færa upplýsingar í viðkomandi gagnagrunna sína um hvert atvik, sem skylt er að tilkynna, og, eftir því sem unnt er, um hvert atvik, sem valfrjálst er að tilkynna, verða þau að tryggja að tilkynningar um atvik, sem skráðar eru í gagnagrunna þeirra, innihaldi a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

1) Alvarleiki

- mesti skaði
- alvarleikastig áverka

2) Áverkar á fólki

- Fjöldi slasaðra á jörðu niðri (áverkar sem draga til dauða, alvarlegir áverkar, lítils háttar áverkar)
 - Fjöldi slasaðra um borð í loftfari (áverkar sem draga til dauða, alvarlegir áverkar, lítils háttar áverkar).
-

*II. VIÐAUKI***HAGSMUNAAÐILAR**

- a) Skrá yfir hagsmunaaðila, sem mega taka við upplýsingum á grundvelli ákvörðunar, sem tekin er í hverju tilviki fyrir sig, í samræmi við 4. mgr. 11. gr. eða á grundvelli almennrar ákvörðunar skv. 6. mgr. 11. gr.:
1. Framleiðendur: hönnuðir og framleiðendur loftfara, hreyfla, skrufa og hluta og búnaðar loftfara og samtök þeirra, hönnuðir og framleiðendur kerfa og kerfishluta fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar, hönnuðir og framleiðendur kerfa og kerfishluta fyrir flugleiðsöguþjónustu, hönnuðir og framleiðendur kerfa og búnaðar sem notuð eru á flugsvæði flugvalla.
 2. Viðhald: fyrirtæki eða stofnanir sem sjá um viðhald eða grannskoðun á loftförum, hreyflum, skrufum og á hlutum og búnaði loftfara, sem sjá um uppsetningu, breytingu, viðhald, viðgerðir, grannskoðun, flugeftirlit eða eftirlit með flugleiðsöguvirkjum, sem sjá um viðhald eða grannskoðun á kerfum, kerfishlutum og búnaði sem er á flugsvæði flugvallar.
 3. Umráðendur/flugrekendur: flugrekendur og umráðendur loftfara og samtök flugrekenda eða umráðenda loftfara, rekstraraðilar flugvalla og samtök rekstraraðila flugvalla.
 4. Veitendur flugleiðsöguþjónustu og veitendur sérstakrar þjónustu innan rekstrarstjórnunar flugumferðar
 5. Veitendur flugvallarþjónustu: fyrirtæki eða stofnanir sem annast afgreiðslu loftfars á jörðu niðri, þ.m.t. eldsneytistaka, undirbúningur hleðsluskrár, hleðsla, afsun og dráttur loftfars á flugvelli, auk björgunar- og slökkvistarfs eða annarrar neyðarþjónustu
 6. Fyrirtæki eða stofnanir sem annast flugþjálfun
 7. Fyrirtæki eða stofnanir í þriðju löndum: opinber flugmálayfirvöld og aðilar frá þriðju löndum sem annast rannsókn slysa
 8. Alþjóðlegar flugmálastofnanir
 9. Rannsóknir: rannsóknarstofur, -stöðvar eða -aðilar, hvort heldur í eigu hins opinbera eða í einkaeign, eða háskólar sem fást við rannsóknir eða athuganir á flugöryggi
- b) Skrá yfir hagsmunaaðila, sem mega taka við upplýsingum á grundvelli ákvörðunar, sem tekin er í hverju tilviki fyrir sig, í samræmi við 4. og 5. mgr. 11. gr.:
1. Flugmenn (sem einstaklingar)
 2. Flugumferðarstjórar (sem einstaklingar) og annað starfsfólk rekstrarstjórnunar flugumferðar og flugleiðsöguþjónustu sem sinnir öryggistengdum verkefnum
 3. Flugvirkjar/tæknimenn/tæknifólk flugumferðarþjónustu/stjórnendur á sviði flugmála (eða flugvalla) (sem einstaklingar)
 4. Fulltrúar fagmenntaðra starfsmanna sem sinna öryggistengdum verkefnum
-

III. VIÐAUKI

BEIÐNI UM UPPLÝSINGAR ÚR MIÐLÆGA, EVRÓPSKA GAGNASAFNINU

1. Nafn:

Starf/staða:

Fyrirtæki:

Heimilisfang:

Sími:

Tölvupóstfang:

Dagsetning:

Tegund starfsemi:

Flokkur hagsmunaaðila (sjá II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 um tilkynningu atvika í almenningssflugi, greiningu á og eftirfylgni með þeim ⁽¹⁴⁾):

2. Upplýsingar sem beðið er um (upplýsingarnar skulu vera eins nákvæmar og unnt er og í beiðninni skal tilgreind sú dagsetning eða tímabil sem um er að ræða):

3. Ástæða fyrir beiðninni:

4. Útskýra skal í hvaða tilgangi upplýsingarnar muni verða notaðar:

5. Dagsetning þegar upplýsingarnar þurfa að hafa borist:

6. Útfyllt eyðublað skal sent í tölvupósti til: (tengiliður)

7. Aðgangur að upplýsingum

Tengilið er ekki skylt að láta í té umbeðnar upplýsingar. Honum er aðeins heimilt að gera það ef hann er fullviss um að beiðnin samrýmist reglugerð (ESB) nr. 376/2014. Beiðandinn skuldbindur sig og fyrirtæki eða stofnun sína til að takmarka notkun upplýsinganna við þann tilgang sem hann hefur lýst í 4. lið. Einnig skal minnt á að upplýsingarnar, sem afhentar eru á grundvelli þessarar beiðni, eru aðeins látnar í té vegna flugöryggis, eins og kveðið er á um í reglugerð (ESB) nr. 376/2014 og ekki í öðrum tilgangi, þ.m.t. að skipta sök eða ábyrgð eða í viðskiptalegum tilgangi.

Beiðanda er ekki heimilt að afhenda neinum upplýsingarnar sem honum berast án skriflegs samþykkis tengiliðar.

Séu framangreindar kröfur ekki uppfylltar getur það leitt til synjunar aðgangs að frekari upplýsingum úr miðlæga, evrópska gagnasafninu og til hvers konar viðurlaga, eftir því sem við á.

8. Dagsetning, staður og undirskrift:

⁽¹⁴⁾ Stjtið. ESB L 122, 24.4.2014, bls. 18.